

Aflahlutdeildir og eignarhald útgerða

Skýrsla til Auðlindanefndar

Birgir Þór Runólfsson
Viðskipta- og hagfræðideild
Háskóli Íslands

Formáli

Í apríl 1999 var undirrituðum falið af formanni auðlindanefndar að vinna skýrslu sem sýndi yfirlit yfir kvótahafa við úthlutun 1984 til 1999. Undirritaður skilaði bráðabirgðarskýrslu til nefndarinnar í september 1999. Hér á eftir fer (nokkuð endurbætt) afurð þessarar vinnu.

Töluleg gögn sem notuð eru til grundvallar í skýrslu þessari koma frá sjávarútvegsráðuneytinu, Fiskistofu og Fiskifélagi Íslands. Fiskistofa hefur haldið utan um kvótagögn frá árinu 1992 og eru þau gögn mjög samstæð. Gögn frá fyrri árum voru í umsjá ráðuneytisins, en vinnsla og varsla þeirra var ekki alltaf á sömu hendi. Gögnin eru af þeirri ástæðu ósamstæð.

Upplýsingar um hinar ýmsu útgerðir, svo sem hluthafa og sögu þeirra, eru að mestu fengnar frá fyrirtækjunum sjálfum. Að nokkru leyti var stuðst við upplýsingar frá verðbréfafyrirtækjum og úr blöðum og tímaritum. Upplýsingar um flest hinna stærri fyrirtækja voru mjög aðgengilegar, en um smærri fyrirtæki var erfiðar að nálgast upplýsingar.

Við lestur skýrslunnar og þeirra gagna sem í henni birtast er augljóst að mikil aukning hefur orðið í kvótahlutdeild stærri fyrirtækja allt frá árinu 1984. Hjá flestum fyrirtækjunum eru þó fleiri skýringar á aukinni hlutdeild en sú að um hrein kvótakaup hafi verið að ræða. Framan af tímabilinu, þ.e. frá 1984 til 1990, kemur fram lítil auking í hlutdeild stærstu fyrirtækja. Sú hlutdeildaraukning sem þó er þar að finna virðist skýrast mest af breyttu eignarhaldi nokkurra fyrirtækja, en auk þess skýrir val á sóknarmarki á árunum 1985-1990 það að einhverju leyti. Frá 1991 kemur fram mun meiri aukning á kvótahlutdeild stærstu fyrirtækjanna. Hversu mikið af þeirri aukningu er tilkomin vegna kaupa stærri útgerða á minni útgerðum er ekki ljóst, en skýrslan hér gefur þó einhverjar vísbendingar. Ein skýring að baki aukinni kvótahlutdeild fyrirtækis er að þorskígildisstuðlar (verðmætastuðlar sem ráðuneytið gefur út árlega) hafa breyst þó nokkuð á tímabilinu. Einnig hefur það áhrif að sífellt fleiri fisktegundir hafa verið settar undir aflamark. Þá ber að nefna, að aflamark tegunda breytist nokkuð milli ára og oft töluvert þegar lengra tímabil er skoðað. Ofanefndir þættir hafa veruleg áhrif á hlutdeild í aflamarki einstakra fyrirtækja og væri full ástæða til að rannsaka betur.

Á undanförunum árum hefur það færst í aukanna að útgerðarfyrirtæki sameinist. Sameiningar geta reyndar verið af tvennum toga; þegar eitt fyrirtæki kaupir upp annað og þegar eigendur tveggja fyrirtækja stofna í saman nýtt félag með eignum beggja fyrirrennara. Það er þessi síðari tegund af samruna sem hefur færst í vöxt. Þegar slík sameining fyrirtækja á sér stað er verður auðvitað um aukna kvótahlutdeild fyrirtækis að ræða, a.m.k. fyrst í stað. Ekki er þó augljóst að slík sameining fyrirtækja og þ.a.l. aukinn hlutdeild í aflamarki, flokkist sem samþjöppun í kvótaeign, eins og rétt er að flokka hlutdeildaraukningu sem fylgir yfirtöku fyrirtækja. Þá gerist það iðulega að fyrirtækin fækka skipum og auka þá aflaheimildir þeirra sem eftir eru í eign þeirra. Reyndar er því síðan við að bæta, að algengt er að eftir samruna fyrirtækja fari félögin á almennan hlutabréfamarkað og við það fjölgar eigendum fyrirtækisins mikið.

Reykjavík, 15. janúar, 2000

Dr. Birgir Þór Runólfsson
Viðskipta- og hagfræðideild
Háskóli Íslands

Efnisyfirlit

Þróun aflahluteilda stærstu útgerða	1
Eignarhald útgerðanna	6
Stutt umfjöllun um stærstu útgerðirnar 1998/99	7
Þróun aflaheimilda nokkurra fyrirtækja eftir fisktegundum 1991-1999	21
Töfluviðaukar	30
<i>Tafla A-1 Stærstu útgerðarfyrirtækin 1998/99, hluthafar, o.fl</i>	<i>31</i>
<i>Tafla A-2 Stærstu útgerðarsamsteypur 1998/99, hluthafar, o.fl.</i>	<i>36</i>
<i>Tafla B-1 Stærstu útgerðarsamsteypur fiskveiðiárið 1984</i>	<i>41</i>
<i>Tafla B-2 Stærstu útgerðarsamsteypur fiskveiðiárið 1990</i>	<i>42</i>
<i>Tafla C-1 Stærstu útgerðarfyrirtækin 1992/93</i>	<i>43</i>
<i>Tafla C-2 Stærstu útgerðarfyrirtækin 1993/94</i>	<i>44</i>
<i>Tafla C-3 Stærstu útgerðarfyrirtækin 1994/95</i>	<i>45</i>
<i>Tafla C-4 Stærstu útgerðarfyrirtækin 1995/96</i>	<i>46</i>
<i>Tafla C-5 Stærstu útgerðarfyrirtækin 1996/97</i>	<i>47</i>
<i>Tafla C-6 Stærstu útgerðarfyrirtækin 1997/98</i>	<i>48</i>
<i>Tafla C-7 Stærstu útgerðarfyrirtækin 1998/99</i>	<i>49</i>
<i>Tafla C-8 Stærstu útgerðarfyrirtækin 1999/00</i>	<i>50</i>
<i>Tafla D Þorskígildisstuðlar 1984-1999/2000</i>	<i>51</i>

Þróun aflahluteilda stærstu útgerða

Nokkur umræða hefur átt sér stað í gegnum árin um það hvort frjálst framsal á aflahluteildum myndi leiða til færri og stærri útgerðarfyrirtækja. Í sjálfu sér var ljóst að kvótakerfi í fiskveiðum myndi leiða til færri skipa og útgerðarfyrirtækja, enda var fiskveiðivandinn fyrir 1984 einmitt fólgin í því að of mörgum skipum var haldið til veiða miðað við afrakstur fiskistofnanna

Þegar kvótakerfið var sett á árið 1984 voru sjö botnfisktegundir (flatfiskur er hér talin til botnfisktegunda) settar undir aflamark. Þessar tegundir voru þorskur, ýsa, karfi, ufsi, grálúða, skarkoli og steinbítur. Strax á árinu 1984 komu til undanþágur með veiðar á steinbít og grálúðu á línu og veiðar á skarkola í snurvoð, þannig að þessar tegundir töldust aðeins að hluta til kvóta. Síðar voru skarkoli og steinbítur alfarið teknir undan aflamarki. Það botnfiskaflamark sem rætt er um hér á eftir á því við þær fimm tegundir sem voru kvótabundnar árin 1984-1990.

Tafla 1 sýnir aflamark 10 stærstu útgerðarfyrirtækjanna fiskveiðiárið 1984. Það fyrirtæki sem mesta hlutdeild hefur samkvæmt töflunni er Bæjarútgerð Reykjavíkur (BÚR) og í fimmta sæti er Bæjarútgerð Hafnarfjarðar (BÚH), en bæði fyrirtækin voru í eigu samnefndra sveitarfélaga. Þá er Útgerðarfélag Akureyringa hf. (ÚA hf.) í öðru sæti, en fyrirtækið var á þessum tíma í meirihlutaeygu Akureyrarbæjar.

Tafla 1. Stærstu útgerðir (samsteypur) fiskveiðiárið 1984

	Nafn útgerðar (samsteypu)	Hlutfall
1	Bæjarútgerð Reykjavíkur	4,1%
2	Útgerðarfélag Akureyringa hf	3,7%
3	Samtog hf	2,0%
4	Bæjarútgerð Hafnarfjarðar	1,8%
5	Síldarvinnslan hf	1,8%
6	Útgerðarfélag Skagfirðinga hf	1,8%
7	Miðnes hf.	1,6%
8	Einar Guðfinnsson hf	1,6%
9	Ísbjörninn hf	1,6%
10	Ögurvík hf	1,4%
	Samtals	21,4%

Árið 1990 er orðin nokkur breyting á listanum yfir 10 stærstu útgerðirnar, eins og sjá má í töflu 2. Útgerðarfélag Akureyringa hf., sem enn er í meirihlutaeygu Akureyrarbæjar, er komið efst á listann og hefur aukið hlutdeild sína nokkuð með kaupum á fiskiskipum með aflahlutdeild. Bæjarútgerðirnar eru horfnar af listanum, en í staðinn eru komin fyrirtækin Grandi hf. og Samherji hf. Grandi hf. varð til við samruna BÚR og Ísbjarnarins hf. Samherji hf. stækkaði mikið við kaup á skipum BÚH, eftir að það fyrirtæki var selt og nafni þess breytt í Hvaleyri hf. Þá má sjá að útgerðarfélagið Samtog hf. er horfið af listanum. Fyrirtækið hafði upprunalega verið stofnað af nokkrum útgerðar- og verkunaraðilum í Vestmannaeyjum í þeim tilgangi að efla útgerð þar. Seint á níunda áratugnum slitnaði upp úr þessu samstarfi og hurfu skip Samtogs hf. þá í eigu hinna mismunandi útgerðaraðila, þ.á.m. Fiskimjölsværksmiðjunnar Vestmannaeyjum sem er í 11 sæti á listanum árið 1990 (sjá nánar í töfluviðaukum).

Tafla 2. Stærstu útgerðir (samsteypur) fiskveiðiárið 1990

	Nafn útgerðar (samsteypu)	Hlutfall
1	Útgerðarfélag Akureyringa hf	4,3%
2	Grandi hf	3,5%
3	Samherji hf	2,4%
4	Síldarvinnslan hf	1,9%
5	Skagstrendingur hf	1,9%
6	Ögurvík hf	1,8%
7	Miðnes hf	1,6%
8	Skagfirðingur hf	1,6%
9	Haraldur Böðvarsson & Co	1,5%
10	Þormóður-rammi hf	1,4%
	Samtals	21,9%

Aflahlutdeildir og eignarhald útgerða

Hlutdeild 25 stærstu útgerðanna hefur aukist úr 38,2% árið 1984 í 39,2% árið 1990. Skýra má hluta þessarar aukningar með sameiningu fyrirtækja, en við það koma ný fyrirtæki inn á listann. Að auki má geta þess að á árunum 1985-1990 gátu útgerðir valið sóknarmark í stað aflamarks og á árunum 1986-1987 var meirihluti fiskiskipa á sóknarmarki. Skipin á sóknarmarki gátu aukið hlutdeild sína milli ára, á kostnað annarra fiskiskipa í kvótakerfinu.

Tafla 3. Stærstu útgerðir (samsteypur) m.v. botnfiskaflamark fiskveiðiárið 1992/93

	Nafn útgerðar (samsteypu)	Hlutfall
1	Grandi hf	4,7%
2	Útgerðarfélag Akureyringa hf	4,5%
3	Samherji hf	3,4%
4	Vinnslustöðin hf	2,7%
5	Ísfélag Vestmannaeyja hf	2,6%
6	Skagstrendingur hf	2,4%
7	Haraldur Böðvarsson hf	2,2%
8	Síldarvinnslan hf	1,9%
9	Skagfirðingur hf.	1,7%
10	Sæberg hf	1,7%
	Samtals	27,6%

Árið 1991 urðu verulegar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Þá var m.a. kvótakerfi fyrir hinar mismunandi tegundir, þ.e. botnfisk, uppsjávarfisk, krabbadýr og skelfisk, samræmt og hefur síðan verið eitt kvótakerfi (aflahlutdeildarkerfi) fyrir allar tegunir sem bundnar eru aflamarki (smábátar undir 6 brl. sem veiða á línu og handfæri hafa þó verið undanþegnir). Árið 1991 fjölgaði botnfisktegundum í aflamarki aftur í 6. Til viðbótar við þorsk, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu, fór skarkoli aftur undir aflamark.

Tafla 3 sýnir 10 stærstu útgerðir í september 1992 miðað við úthlutað botnfiskaflamark (þorsk, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu) fyrirtækjanna. Nokkur af sömu fyrirtækjunum frá 1990 eru enn í efstu sætunum, t.d. Grandi hf, ÚA hf, Samherji hf. og Síldarvinnslan hf. Reyndar er eina athyglisverða breytingin að Vinnslustöðin hf. er á þessum lista, sem þó kemur ekki á óvart. Vinnslustöðin hf. hafði orðið til við samruna nokkurra útgerða í Vestmannaeyjum, þ.á.m. Fiskimjölsværksmiðjunnar hf. (í 11. Sæti 1990).

Tafla 4. Stærstu útgerðir (samsteypur) m.v. botnfiskaflamark 1999/2000

	Nafn útgerðar (samsteypu)	Hlutdeild
1	Samherji hf	6,3%
2	Útgerðarfélag Akureyringa hf	5,5%
3	Grandi hf	5,2%
4	Þormóður rammi - Sæbeg hf	4,6%
5	Haraldur Böðvarsson hf	4,3%
6	Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf	3,4%
7	Fiskiðjan Skagfirðingur hf	3,3%
8	Þorbjörn hf	3,0%
9	Vinnslustöðin hf	3,0%
10	Snæfell hf	2,8%
	Samtals	41,4%

Á árunum 1996 til 1999 fjölgaði botnfisktegundum í aflamarki. Fyrst kom steinbítur inn og síðan sandkoli, langlúra og skráplúra, og loks þykkvalúra. Í botnfiskaflamarki fiskveiðiárið 1999/2000 eru því 11 botnfisktegundir.

Tafla 4 sýnir 10 stærstu útgerðir 1. september 1999 miðað við úthlutað botnfiskaflamark í 5 helstu tegundum (þorskur, ýsa, ufsi, karfi og grálúða) fyrirtækjanna. Nokkrar breytingar eru á listanum yfir stærstu botnfiskútgerðirnar frá 1992 og heildarhlutdeildin hefur aukist mikið. Það sem helst vekur athygli er að Þorbjörn hf, Snæfell hf, og Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf. koma inn á listann, öll vegna sameininga við önnur félög. Fiskiðjan Skagfirðingur kemur einnig inn á listann, en það er þó í raun sama fyrirtækið og Skagfirðingur hf. (í 9. sæti árið 1992) eftir sameiningu við þrjú önnur félög. Sæberg hf. er enn á listanum, en nú undir nafninu Þormóður rammi - Sæberg hf. Vinnslustöðin hf. sameinaðist Meitlinum hf. í Þorlákshöfn. Síldarvinnslan hf. og Skagstrendingur hf. hafa horfið af listanum yfir 10 stærstu botnfiskfyrirtækin, enda hefur hvorugt þeirra gengið í gegnum sameiningarferli.

Aflahlutdeildir og eignarhald útgerða

Tafla 5. Aflamark 10 stærstu fyrirtækjanna, skv. skrá Fiskistofu, sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki hvers árs
(allar tegundir í aflamarki innan lögsögu, röð fyrirtækis í sviga)

	1999/2000	1998/99	1997/98	1996/97	1995/96
Samherji hf	6,46%	5,82% (1)	4,06% (1)	2,76% (5)	3,40% (3)
Haraldur Böðvarsson hf	4,42%	4,87% (2)	3,05% (4)	3,60% (1)	2,86% (4)
Útgerðarfélag Akureyringa hf	4,29%	3,95% (3)	3,29% (3)	3,47% (2)	3,65% (2)
Þormóður rammi - Sæberg hf	3,74%	3,48% (4)	3,39% (2)	1,34% (13)	1,49% (12)
Grandi hf	3,63%	3,12% (5)	2,95% (5)	3,42% (3)	4,00% (1)
Þorbjörn hf	2,60%	1,97% (10)	0,99% (22)	0,89% (21)	1,08% (18)
Snæfell hf	2,57%	1,86% (11)	1,35% (15)	1,28% (14)	1,35% (14)
Fiskiðjan Skagfirðingur hf	2,56%	2,27% (8)	1,73% (10)	1,88% (10)	1,91% (8)
Vinnslustöðin hf	2,30%	1,02% (20)	1,59% (12)	1,96% (8)	2,18% (7)
Sildarvinnslan hf	2,17%	2,68% (6)	2,45% (6)	2,83% (4)	2,62% (5)
Samtals þessi 10 fyrirtæki	34,74%	31,04%	24,85%	23,43%	24,54%
Stærstu 10 hvert ár	34,74%	32,74%	27,05%	26,58%	26,43%

Tafla 5 sýnir heildaraflamark (allar tegundir innan lögsögu) tíu stærstu útgerðarfyrirtækjanna nú og fjögur síðastliðin fiskveiðiár, skv. skrá Fiskistofu um skráða eigendur fiskiskipa í upphafi hvers fiskveiðiárs (tölur fyrir fiskveiðiárið 1999/2000 miðast við upphafsúthlutun á aflamarki loðnu). Það fyrirtæki sem mesta heildarhlutdeild hefur skv. töflunni er Samherji hf. Fyrirtækið hefur vaxið gífurlega frá árinu 1983, en þá átti félagið aðeins einn togara. Fyrirtækið óx framan af mestmegnis með kaupum á skipum og aflahlutdeild frá öðrum fyrirtækjum, en einnig með því að ávinna sér aflamark í sóknamarkskerfinu á seinni hluta nífunda áratugarins. Undanfarin ár hefur fyrirtækið vaxið mest í gegnum sameiningarferli við önnur útgerðarfyrirtæki, eins og rakið verður nánar hér að neðan. Af hinum níu fyrirtækjunum í töflunni hafa sex þeirra aukið aflahlutdeild sína í gegnum sameiningarferli við önnur fyrirtæki. Aðeins eitt hinna þriggja hefur aukið hlutdeild sína og það með kaupum á skipum og aflahlutdeildum.

Það er vert að hafa hugfast þegar þróun aflahlutdeilda er skoðuð, eins og í töflu 5, að nokkrar sveiflur koma fram af öðrum ástæðum en þeim að fyrirtæki hafi aukið aflahlutdeildir sínar. Ástæður sveiflanna geta falist í breyttu aflamarki einstakra tegunda og breytingum á verðmætastuðlum tegunda (þorskígildi). Til viðbótar er síðan flutningur á aflahlutdeildum, þegar keyptur er kvóti og/eða skip og þegar sameining fyrirtækja á sér stað.

Tafla 6. Aflamark stærstu 10 útgerðanna, skv. skrá Fiskistofu, sem hlutfall af leyfilegum heildarafla hvers árs
(allar aflamarkstegundir innan lögsögu)

	1999/00	1998/99	1997/98	1996/97	1995/96
Samherji hf	5,08%	4,95%	3,72%	2,53%	2,94%
Haraldur Böðvarsson hf	3,47%	4,14%	2,80%	3,30%	2,47%
Útgerðarfélag Akureyringa hf	3,37%	3,36%	3,02%	3,18%	3,16%
Þormóður rammi - Sæberg hf	2,94%	2,96%	3,10%	1,23%	1,29%
Grandi hf	2,85%	2,66%	2,70%	3,14%	3,46%
Þorbjörn hf	2,04%	1,68%	0,91%	0,82%	0,94%
Snæfell hf	2,02%	1,58%	1,23%	1,18%	1,17%
Fiskiðjan Skagfirðingur hf	2,01%	1,93%	1,59%	1,73%	1,66%
Vinnslustöðin hf	1,80%	0,87%	1,46%	1,80%	1,89%
Sildarvinnslan hf	1,71%	2,28%	2,25%	2,60%	2,27%
Samtals þessi 10 fyrirtæki	27,29%	26,42%	22,77%	21,51%	21,26%

Í töflunni má sjá að sameiginleg hlutdeild þeirra tíu fyrirtækja sem nefnd eru í töflunni hefur aukist úr tæpum 25% í tæp 35% af úthlutuðu aflamarki innan lögsögunnar. Þar sem sum þessara fyrirtækja voru ekki meðal tíu stærstu útgerðanna öll árin er einnig birt samtala á hlutdeild þeirra tíu fyrirtækja er stærst voru á þessum árum. Hlutdeild tíu stærstu á hverjum tíma hefur aukist heldur minna, eða úr 26,4% í 34,7%, sem er rúmlega 30% aukning. Þessi aukning þarf ekki að koma á óvart, enda mátti gera ráð fyrir að skipum og með útgerðum myndi fækka með tilkomu kvótakerfisins.

Tafla 5 að ofan sýnir hlutdeild stærstu fyrirtækjanna sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki. Úthlutað aflamark er hins vegar yfirleitt aðeins á bilinu 75%-83% af leyfðum heildarafla. Það er því öllu eðlilegra að skoða hlutdeild stærstu fyrirtækjanna sem hlutfall af leyfðum heildarafla hvers ár. Það er gert í töflu 6. Þegar hlutdeild stærstu fyrirtækjanna er skoðuð sem hlutdeild af heildaraflamarki kemur önnur mynd í

Ijós á umfangi þessara fyrirtækja. Heildarhlutdeild tíu stærstu er þannig um 7,5 prósentustigum minni, en þegar hlutdeild í úthlutaðu aflamarki er skoðuð.

Tafla 7. Samsteypur: Aflamark 10 stærstu sem hlutfall af úthlutaðu aflamarki hvers árs (allar tegundir í aflamarki innan lögsögu m.v. úthlutað aflamark í ágúst 1999)

	Nafn samstæðu	1998/1999	Nafn samstæðu	1999/2000
1	Samherji hf	6,63%	Samherji hf	6,46%
2	Haraldur Böðvarsson hf	5,05%	Grandi hf	4,64%
3	Útgerðarfélag Akureyringa hf	3,84%	Útgerðarfélag Akureyringa hf	4,60%
4	Þormóður rammi - Sæberg hf	3,46%	Haraldur Böðvarsson hf	4,56%
5	Grandi hf	3,42%	Þormóður rammi - Sæberg hf	4,29%
6	Sildarvinnslan hf	2,78%	Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf	3,09%
7	Ísfélag Vestmannaeyja hf	2,65%	Vinnslustöðin hf.	2,93%
8	Vinnslustöðin hf	2,48%	Þorbjörn hf	2,60%
9	Þorbjörn hf	2,32%	Fiskiðjan Skagfirðingur hf	2,56%
10	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf	2,27%	Sildarvinnslan hf	2,47%
	Samtals	34,90%		38,20%

Þá er einnig forvitnilegt er að skoða aflahlutdeild fyrirtækjanna í töflu 5, en nú sem samsteypur fyrirtækja (enda eru sumar sameining ófrágengnar að forminu til, sjá nánari umfjöllun um sameiningar einstakra fyrirtækja hér að neðan). Þetta er gert í vinstri hluta töflu 7. Taflan sýnir að heildarhlutdeild þessara 10 samsteypa er 2,6 prósentustigum hærri þegar dótturfyrirtækin eru meðtalin. Hægri hluti töflu 7 sýnir síðan hlutdeildir 10 stærstu samsteypa í upphafi fiskveiðiársins 1999/2000. Taflan miðast við að þær sameiningar sem boðaðar hafa verið gangi eftir.

Þegar samanburður er gerður á hlutdeild einstakra fyrirtækja milli ára, þ.e. þróun hlutdeildar fyrirtækis, þá verður að hafa hugfast að breytingar á þorskígildisstuðlum (sjá töfluviðauka) og aflamarki einstakra tegunda getur torvelað mjög þann samanburð. Sem dæmi má nefna, að þegar hlutdeild Útgerðarfélags Akureyringa hf. í aflamarki fimm botnfisktegunda (þorsk, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu) er skoðuð árin 1991 og 1997 virðist sem um yfir 40% aukningu sé að ræða (úr um 4,1% í 5,8%). Þegar hlutdeild fyrirtækisins í sömu tegundum er reiknuð m.v. óbreytta þorskígildisstuðla og óbreytt aflamark þessara tegunda, er aukningin aðeins á bilinu 15-20%, eftir því hvort 1991 eða 1997 er valið sem grunnár (úr 4,1% í 4,9% eða úr 5,0% í 5,8%).

Tafla 8. Samsteypur: Aflamark 10 stærstu sem hlutfall af úthlutaðu aflamarki hvers árs (allar tegundir í aflamarki innan lögsögu m.v. aukið aflamark loðnu)

	Nafn samsteypu	1999/2000
1	Samherji hf	7,05%
2	Haraldur Böðvarsson hf	5,15%
3	Grandi hf	4,78%
4	Útgerðarfélag Akureyringa hf	4,60%
5	Þormóður rammi - Sæberg hf	4,29%
6	Vinnslustöðin hf.	3,21%
7	Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf	3,09%
8	Sildarvinnslan hf	2,99%
9	Þorbjörn hf	2,60%
10	Ísfélag Vestmannaeyja hf	2,62%
	Samtals	40,34%

Hægri hluti töflu 7, hér að ofan, miðast við úthlutað aflamark sem úthlutað er 1. september 1999. Úthlutað aflamark loðnu er upphafsúthlutun og var það ákveðið um 575 þús. tonn. Ekki þykir óeðlilegt að ætla að endanleg úthlutun verði um eða yfir 1.000 þús. tonn af loðnu, ef miðað er við undanfarin ár. Í töflu 8 er gert ráð fyrir að endanleg úthlutun aflamarks loðnu verði ein milljón lestin og í töflunni hefur þessi hugsanlega aukning verið reiknuð inn í hlutdeild stærstu samsteypa. Athygli vekur að röð fyrirtækja breytist nokkuð við þessa auknu úthlutun og reyndar má sjá að ný félög koma inn á listann, en önnur falla þar af.

Af ofangreindu er ljóst að ekki er sama hvaða tölur eru notaðar til að athuga hvort og þá hve mikil aukning hefur orðið á aflahlutdeildum stærri fyrirtækja. Engu að síður er þó ljóst að töluverð aukning

Aflahlutdeildir og eignarhald útgerða

hefur orðið á hlutdeild stærri fyrirtækja, bæði með kaupum einstakra fyrirtækja á kvóta annarra og með sameiningu og samruna fyrirtækja.

Eignarhald útgerðanna

Önnur áhugaverð spurning snýr að því hverjir eru eigendur að útgerunum með mesta aflahlutdeild. Fyrirtækin 10 í töflu 4 hafa samtals 10.000 hluthafa, eða um 1.000 að meðaltali, eins og sýnt er í töflu 9. Stærsti hluthafinn á, að meðaltali, um 30% og stærsti einstaki hluthafinn á 93% í Snæfelli hf., en eins og kunnugt er þá er Snæfell hf. kaupfélagsfyrirtæki. Stærsti hluthafinn í Fiskiðjuni Skagfirðingi hf. á um 58% hlut, en Fiskiðjan er einnig kaupfélagsfyrirtæki. Í heildina séð má sjá að félög í eigu almennings, þ.e. almenningshlutafélög á VPÍ, kaupfélög, hluta- og verðbréfasjóðir, lífeyrissjóðir og sveitarfélög, eiga samtals að meðaltali um 59% í 10 stærstu fyrirtækjunum, miðað við úthlutað botnfiskaflamark. Árið 1990 voru hluthafar í þessum fyrirtækjum innan við 2.800 og átti stærsti hluthafinn, að meðaltali, um 40%. Stærstu þrír áttu þá um 66%, stærstu fimm 79% og stærstu tíu um 90%. Félög í eigu almennings, þá aðallega sveitarfélög og kaupfélög, áttu ríflega 25% í þessum fyrirtækjum árið 1990.

Ef tíu stærstu fyrirtækin í töflu 7 að ofan, þ.e. fyrirtækin sem eiga mest aflamark í öllum tegundum innan lögsögu, eru skoðuð, þá kemur í ljós að hluthafafjöldi þeirra er einnig rúm 10 þús., eða 1.000 að meðaltali, og meðalhlutafjáreign félaga í eigu almennings er um 42%. Sveitarfélög eiga tæp 4% að meðaltali, lífeyrissjóðir tæp 10%, hluta- og verðbréfasjóðir tæp 8% og almenningshlutafélög á VPÍ um 20%. Heildarverðmæti hlutafjár fyrirtækjanna, en 9 af 10 eru skráð á hlutabréfamarkaði, er rúmir 50 milljarðar. Fyrirtækin hafa þó mismikið verðmæti hvert um sig, en tölurnar hér miðast við desember 1998. Almenningshlutafélög eiga um 10 milljarða í þessum fyrirtækjum, lífeyrissjóðir um 5 milljarða, hluta- og verðbréfasjóðir um 4 milljarða króna og sveitarfélög rúman 1,5 milljarð. Meðal hlutur smærri hluthafa (sem ekki eru í hópi tíu stærstu) er um 1,5 milljón króna, en meðaltal allra hluthafa um 2,0 milljónir króna. Yfirlit 50 stærstu útgerða og 50 stærstu samsteypa er að finna í töfluviðaukum A-1 og A-2.

Tafla 9	Hluthafa fjöldi	Stærsti hluthafinn	stærstu 3	stærstu 5	stærstu 10	Sveitarfélög	Lífeyrissjóðir	Hluta- og verðbr.sj.	Alm. hlutafélög	Aðrir
Samherji hf	3.741	21%	62%	68%	76%	0%	8%	7%	2%	84%
Útgerðarfélag Akureyringa hf	1.667	20%	50%	60%	71%	20%	8%	6%	47%	19%
Grandi hf	1.018	26%	46%	56%	68%	0%	13%	9%	26%	52%
Haraldur Böðvarsson hf	1.157	10%	27%	40%	61%	0%	10%	7%	30%	53%
Þormóður rammi - Sæberg hf	561	19%	34%	43%	59%	0%	8%	10%	25%	57%
Fiskiðjan Skagfirðingur hf	187	58%	77%	90%	96%	10%	1%	4%	81%	4%
Þorbjörn hf	391	11%	34%	51%	71%	0%	4%	4%	6%	86%
Snæfell hf	119	93%	96%	98%	100%	1%	0%	2%	96%	1%
Vinnslustöðin hf	734	18%	38%	52%	66%	3%	12%	16%	32%	38%
Skagstrendingur hf	438	24%	55%	68%	82%	24%	2%	8%	53%	14%
Meðaltal	1.001	30%	52%	62%	75%	6%	7%	7%	39%	41%

Sjávarútvegsráðherra skipaði nefnd til að skoða eignarhald á aflaheimildum í upphafi árs 1997 og í framhaldi af niðurstöðum nefndarinnar var lögunum um stjórn fiskveiða breytt árið 1998 á þann veg að hámark var sett á aflahlutdeildareign í einstökum fiskistofnum og á heildarhlutdeildareign útgerða. Með lagabreytingunni er sett hámark á aflahlutdeild einstakra tegunda og hámark á heildaraflahlutdeild allra tegunda í eigu sama aðila og tengdra aðila. Með þessu má enginn aðili eða tengdir aðilar eiga meira en 10% af aflahlutdeild í þorski og ýsu, 20% í ufsa, karfa, grálúðu, síld, loðnu og úthafsærækju. Þá má enginn aðili eða tengdir aðilar eiga meira en 8% af heildaraflahlutdeild allra tegunda. Þó er kveðið á um að hámark á heildaraflahlutdeild allra tegunda megi vera allt að 12% hjá aðilum þar sem enginn á meira en 20% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Stærri samvinnufélög falla einnig undir þessa reglu.

Stutt umfjöllun um stærstu útgerðirnar 1998/99

Hér að neðan er nánari umfjöllun um stærstu útgerðirnar, skv. skrá Fiskistofu um skráða eigendur fiskiskipa, í upphafi fiskveiðiársins 1998/1999. Reynt er að gefa sem gleggsta mynd af umfangi fyrirtækjanna, ásamt ágripi af sögu þeirra. Við vinnslu þessa kafla var stuðst við þær upplýsingar sem frá fyrirtækjunum bárust, kynningar á vefsíðum nokkurra fyrirtækja, gögnum frá verðbréfafyrirtækjum, o.fl. Misgóðar og mismiklar upplýsingar voru tiltækar, eins og eftirfarandi ber bitni um.

1. Samherji hf.

Samherji hf. gerði út 8 fiskiskip í árslok 1999. Þar af voru fjórir frystitogarar, einn ísfisktogari, eitt nótaveiðiskip og tvö fjölveiðiskip. Félagið rak lagmetis- og rækjuverksmiðju á Akureyri auk pökkunarstöðvar, rækjuverksmiðju á Dalvík, síldarsöltunarstöð, loðnu- og síldarfrystingu á Eskifirði og fiskimjölverksmiðju og frystihús í Grindavík.

Samherji hf. (eldri) var stofnaður árið 1972 í Grindavík. Árið 1983 eignuðust núverandi meirihlutaeigendur nær allt hlutafé í félaginu og fluttu aðsetur þess til Akureyrar. Í desember 1996 var tekin ákvörðun um stofnun nýs félags með sama nafni, og í febrúar 1997 var stofnun félagsins staðfest. Samherji hf. (nýi) varð til við samruna hlutafélaganna Samherja hf. (eldri), Hamars hf, Söltunarfélags Dalvíkur hf., Stokksness hf., Matvælaíðjunnar Strýtu hf. og Eyrarfrosts hf. Sameining þessara félaga miðast við júlí 1996.

Í janúar 1997 var undirritaður samningur um samruna Hrannar hf. á Ísafirði og Samherja hf. Oddeyri hf. sameinaðist Samherja hf. í janúar 1997. Í lok sama mánaðar undirrituðu hluthafar í Fiskimjöli og Lýsi hf. og stjórn Samherja hf. samkomulag um hlutabréfaskipti. Hlutabréfaskiptin miðuðust við febrúar 1997.

Hér verður litið yfir helstu breytingar sem orðið hafa í rekstri Samherja hf., og tengdra fyrirtækja, frá kaupum núverandi meirihlutaeigenda árið 1983. Umfjölluninni er skipt upp eftir þeim greinum sjávarútvegs sem félagið starfar nú í. Í þessu ágripi verður ekki gefið tæmandi yfirlit yfir öll eignakaup Samherja hf. og tengdra fyrirtækja.

Í stuttu máli má segja að Samherji hf. hafi í upphafi byggst á frystitogaraútgerð og er það sú starfsemi sem fyrirtækið er þekktast fyrir. Við eigendaskiptin árið 1983 átti félagið einn ísfisktogara, Guðstein GK, og var honum breytt í frystitogara og gefið nafnið Akureyrin EA.

Á árinu 1985 átti Samherji hf. þátt í stofnun fyrirtækisins Hvaleyri hf. í Hafnarfirði og keypti það fyrirtæki eignir Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, sem voru helstar togaranir Apríl HF og Maí HF svo og frystihús í Hafnarfirði. Samherji hf. og Hvaleyri hf. höfðu makaskipti á togurunum Maí HF og Eini HF á árinu 1986. Maí HF, sem hlaut nafnið Margrét EA, var breytt í frystiskip árið 1986. Hvaleyri hf. var með landvinnslu í frystihúsinu næstu árin og var m.a. keypt tæki til vinnslu í smápakkningar, en reksturinn gekk aftur á móti ekki sem skyldi. Seinni hluta árs 1990 keypti Samherji hf. allt hlutafé í fyrirtækinu og voru félögin sameinuð. Á árinu 1991 var togaranum Víði EA (áður Apríl HF) breytt í frystiskip.

Árið 1987 keypti Samherji hf. ísfisktogarann Þorstein EA, er áður hét Sveinborg SI. Þorsteinn EA var úreltur fyrir nýtt skip árið 1992. Fyrri hluta árs 1989 er Áltafell SU keypt og skipinu gefið nafnið Hjalteyrin EA. Það skip var selt til Frosta hf. á Grenivík. Um mitt ár 1989 keypti Samherji hf. togaran Arinbjörn RE og hlaut hann einnig nafnið Hjalteyrin EA, en sá togari var nú nýverið seldur til Onward Fishing og heitir nú Onward Highlander. Árið 1991 var samið um smíði nýs togara fyrir félagið. Auk Þorsteins EA sem úreltur var upp í nýsmíðina voru tvö minni skip, er keypt voru árið 1988, úreld á móti hinu nýja skipi. Í nóvember árið 1992 kom svo nýr frystitogari félagsins til heimahafnar og hlaut hann nafnið Baldvin Þorsteinsson EA. Við samruna Hrannar hf. á Ísafirði og Samherja hf. fjölgaði í flota Samherja hf. um frystitogarann Guðbjörgu ÍS, var afhent var ný árið 1994 og taldist einn öflugasti og fullkomnasti frystitogari landsmanna. Guðbjörgin ÍS var síðan seld til dótturfyrirtækis Samherja í Þýskalandi árið 1999.

Árið 1986 stofnaði Samherji hf., ásamt Akureyrarbæ og fyrirtækinu K. Jónssyni og co., fyrirtækið Oddeyri hf. Fyrirtækið var stofnað um kaup á nýju frystiskipi, einu af svokölluðum raðsmíðaskipum. Skipinu var gefið nafnið Oddeyrin EA og sá Samherji hf. um rekstur þess. Skipið var fyrst og fremst við veiðar á rækju og aflaði rækjuvinnslu K. Jónsson og co. á Akureyri m.a. hráefnis. Í apríl 1991 eignaðist Samherji hf. allt hlutafé í Oddeyri hf.

Árið 1990 tengist Samherji hf. í fyrsta sinn rækjuvinnslu í landi með kaupum á 64% hlut Kaupfélags Eyfirðinga í Söltunarfélagi Dalvíkur hf. Samherji hf. eignaðist fyrirtækið að fullu árið 1995 með kaupum á 36% hlut Dalvíkurbæjar. Dótturfyrirtæki Söltunarfélags Dalvíkur hf., Hamar hf., átti og gerði út einn bát, Nóa EA, sem aflaði verksmiðjunnar hráefnis.

Árið 1993 stofnaði Samherji hf., ásamt Landsbanka Íslands og Kaupfélagi Eyfirðinga, Strýtu hf., um rekstur rækjuverksmiðju. Strýta hf. keypti lausafé og birgðir þrotabús K. Jónssonar og co, en leigði framleiðslutæki og fasteignir til að byrja með. Í maí 1994 keyptu Samherji hf., Finnboði Baldvinsson og Aðalsteinn Helgason, framkvæmdastjóri Strýtu hf., öll hlutabréf í Strýtu hf.

Árið 1995 keypti Samherji hf. togarann Stokksnes, er félagið hafði haft á leigu í nokkurn tíma, og var stofnað samnefnt hlutafélag um rekstur skipsins. Síðar á árinu voru Stokksnes EA og Nói EA seldir til Meitilsins hf. í Þorlákshöfn. Í september 1995 keypti Samherji hf. ísfisktogarann Arnar HU frá Skagaströnd og fékk hann nafnið Hríseyjan EA.

Í upphafi árs 1995 ákvað stjórn Samherja hf. að leggja áherslu á veiðar og vinnslu uppsjávarfiska hjá félaginu. Um mitt ár 1995 gekk Samherji hf. frá kaupum á fjölveiðiskipinu Helgu II RE. Skipið, sem fékk síðan nafnið Þorsteinn EA, kom til nýrrar heimahafnar í byrjun október og þá hefjast veiðar Samherja hf. á uppsjávarfiski. Um mitt ár 1996 keypti Oddeyri hf. nótaskipið Albert GK ásamt veiðiheimildum. Fékk það skip nafnið Oddeyrin EA og hefur verið rekið af Samherja hf.

Á miðju ári 1996 keypti Samherji hf. allt hlutafé útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækisins Friðþjófs hf. á Eskifirði. Friðþjófur hf. gerði út Sæljón SU og rak vinnslu í landi. Með þessum kaupum jók Samherji hf. vinnslu á uppsjávarfiskum í landi. Í ársbyrjun 1998 var Friðþjófur hf. síðan sameinaður Samherja hf.

Í upphafi árs 1997 var gengið frá samkomulagi um hlutabréfaskipti á milli Samherja hf. og hluthafa í Fiskimjöli og Lýsi hf. (F&L) í Grindavík. Í samkomulaginu fólst að hluthafar í F&L fengu hlutabréf í Samherja hf. sem gagngjald fyrir hlutabréf sín í F&L. Við það eignast Samherji hf. 98% hlutafjár í F&L, en félagið átti og rak loðnuverksmiðju í Grindavík og dótturfyrirtæki félagsins, Sigluberg hf., átti tvö loðnuskip, Jón Sigurðsson GK og Háberg GK. Hlutabréfaskiptin miðuðust við febrúar 1997 og frá þeim tíma var F&L hluti af samstæðu Samherja hf. Í ársbyrjun 1998 var F&L síðan sameinað Samherja hf.

Samherji hf. keypti í maímánuði 1999 hlut í Snæfelli hf. Kaupin fóru fram í gegnum Kaldbak hf. fjárfestingarfélags Samherja hf. og Kaupfélags Eyfirðinga, en það síðarnefnda hefur verið aðaleigandi Snæfells hf. Kaldbakur hf. keypti 23,5% hlut í Snæfelli. Gert er ráð fyrir að hlutafé Snæfells hf. verði síðan aukið og stefnt er að því að eignarhlutur Kaldbaks hf. í Snæfelli verði um 40%, en KEA eigi áfram beint rúm 50%.

Sumarið 1999 keypti Samherji hf. tæplega 40% hlut í Skagstrendingi hf. á Skagaströnd. Uppistaðan af þessum bréfum, eða 25% hlutur í Skagstrendingi hf., var keyptur af Síldarvinnslunni hf. og afgangurinn af verðbréfafyrirtækjum. Forsvarsmenn Samherja hf. hafa lýst því yfir að ekki standi til að sameina félögin.

Árið 1994 stofnaði Samherji hf., ásamt Færeyingum, fyrirtækið Framherja aps. Í Færeyjum um kaup á frystitogarannum Beini, sem hlaut nafnið Akraberg. Akraberg hefur veiðiheimildir í Barentshafi, við Noreg og á Reykjanes hrygg. Árið 1996 keypti Framherji aps. síðan allt hlutafé í fyrirtækinu EM Shipping aps. í Færeyjum, sem á togarann Esther. Esther fylgdu umtalsverðar veiðiheimildir í mörgum tegundum uppsjávarfiska, m.a. hestamakríl, kolmunna, makríl, loðnu og síld.

Seinni hluta árs 1995 stofnaði Samherji hf. fyrirtækið Samherja GmbH í Þýskalandi um kaup á hlut í þýska útgerðarfyrirtækinu Deutsche Fischfang Union (DFFU) í Cuxhaven. Samherji hf. á 100% í Samherja GmbH en Samherji GmbH á 49,5% í DFFU. DFFU hafði yfir umtalsverðum aflaheimildum að ráða og gerði út 3 frystitogara. DFFU rak einnig smiðju í landi, en nú er búið að aðskilja rekstur hennar með stofnun nýs hlutafélags sem er í eigu DFFU. Fulltrúar Samherja hf. hafa stjórnað rekstri DFFU frá þessum kaupum á hlutabréfum í félaginu.

Í maí 1996 stofnuðu Samherji hf og tengd fyrirtæki, ásamt Gústaf Baldvinssyni framkvæmdastjóra, fisksölufyrirtækið Seagold Ltd. í Hull. Hlutverk Seagold Ltd. er að annast markaðssetningu og sölu á sjófrystum afurðum Samherja hf., dótturfyrirtækja og samstarfsfyrirtækja.

Seinni hluta árs 1996 eignaðist Samherji hf. útgerðarfyrirtækið Onward Fishing Company, sem skráð er í Hull á Englandi en með höfuðstöðvar í Aberdeen í Skotlandi. Onward gerði út 4 ísfisktogara þegar Samherji hf. keypti hlut í félaginu. Í ársbyrjun 1997 keypti félagið frystitogarann Hjalteyrina EA af Samherja hf. og var honum gefið nafnið Onward Highlander. Árið 1998 var síðan Snæfugl SU leigður til Onward Fishing.

Í desember 1996 hófst samstarf Samherja hf. og fyrirtækisins DNHS Fishing í Noregi. DNHS Fishing er markaðsfyrirtæki með söluskrifstofu og aðsetur í Osló, en auk þess rekur það söluskrifstofur víða um heim. Auk þessa kemur DNHS Fishing að veiðum og vinnslu uppsjávarfiska í Noregi.

Dótturfélög Samherja hf. um sl. áramót voru Samherji GmpH í Þýskalandi, Deutsche Fischfang Union GmbH í Þýskalandi, Onward Fishing Company Ltd. í Bretlandi og útgerðarfélagið Kistufell. Félagið átti auk þessa hluti í Framherja Sp/f í Færeyjum, Ocean Seafood í Bandaríkjunum (50%), Rif hf. í Hrísey (49%) og Úthafssjávarfang ehf. (25%).

2. Haraldur Böðvarsson hf.

Félagið var til við samruna fjögurra fyrirtækja árið 1991. Í árslok 1999 rak fyrirtækið tvo frystitogara, þrjá ísfisktogara, þrjú nótaveiðiskip, einn vertíðarbat, tvö frystihús, fiskimjölsverksmiðju og saltfiskverkun, auk stoðdeilda á Akranesi og í Sandgerði.

Þó Haraldur Böðvarsson hf. hafi aðeins verið stofnað 1991, þá má rekja sögu félagsins til ársins 1906 og er því félagið elsta starfandi sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Haraldur Böðvarsson hóf útgerð það ár, aðeins 17 ára að aldri. Í nóvember 1906 keypti hann sexæringinn Helgu Maríu. Þar með var lagður grunnurinn að fyrirtæki Haraldar Böðvarssonar. Árið 1914 var Haraldur orðinn einkaeigandi íshússins á Akranesi og var búinn að eignast fimm vélbáta. Hann fór að leita fyrir sér í Sandgerði, og frá og með vetrarvertíðinni 1915 gerði hann alla sína báta þaðan út. Það var svo 1915 að Haraldur varð með í stofnun útgerðar- og fiskisölufélags með norskum fjármálamönnum. Í lok þess árs var fyrirtækið Haraldur Böðvarsson og Co (HB & Co) formlega stofnað.

Árið 1925 fundust ný og fengsæl fiskimið skammt frá Akranesi svo að þar byggðist upp öflug útgerð. Bátar Haraldar öfluðu vel og á næstu árum átti mikil uppbygging sér stað bæði hjá fyrirtækinu sem og Akranesbæ. Árið 1929 voru tveir nýir bátar keyptir og vélfrystihús byggt. Uppbyggingin hélt áfram og upp úr 1930 hóf Haraldur Böðvarsson síldarsöltun á Siglufirði og á Akranesi. Haraldur Böðvarsson & Co var alla tíð fjölskyldufyrirtæki í eigu Haraldar Böðvarssonar og síðar afkomenda hans.

Árið 1971 keypti Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness hf. 50% hlut í Heimaskaga og átti árið 1990 mestan hluta þess. Heimaskagi gerði fyrir sameininguna út togarana Skipaskaga og Krossvík.

Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness hf. (SFA) tók til starfa í ágúst 1937 og var hún sú fyrsta við Faxaflóa sem unnið gat nýja síld. Hluthafar í fyrirtækinu urðu 180. Það lögðu margir hart að sér á þessum erfiðu tímum til þess að geta eignast smáhlut í fyrirtækinu. Með þessu átaki var stofnað eitt fyrsta almenningshlutafélag á landinu. Fyrir sameininguna gerði SFA út loðnuskipið Víking.

Í febrúar 1991 skrifuðu stærstu hluthafar Haraldar Böðvarssonar & Co og Síldar- og fiskimjölsverksmiðju Akraness undir samkomulag um að þeir skyldu beita sér fyrir sameiningu fyrirtækjanna. Haraldur Böðvarsson & Co var stærsti hluthafinn í SFA með 40% eignarhlut, næst komu Skeljungur með 25% og Olíuverslun Íslands hf. með 18%.

Í apríl 1991 voru fjögur rötgróin sjávarútvegsfyrirtæki á Akranesi, Haraldur Böðvarsson & Co, Sigurður hf. (dótturfélag HB & Co.), Heimaskagi (stofnað 1942) og Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness hf. sameinuð undir nafninu Haraldur Böðvarsson hf., en það er elsta starfandi útgerðarfyrirtæki landsins. Í júní 1991 fóru allir starfsmenn þessara fjögurra fyrirtækja á launaskrá hjá Haraldi Böðvarssyni hf. og þar með var formlegri sameiningu lokið.

Í október 1996 var samþykkt á hluthafafundi í Haraldi Böðvarssyni hf. að sameinina Krossvík hf. við fyrirtækið. Krossvík hf. hafði á árinu 1994 tekið yfir rekstur sem Haförninn hf. hafði áður með höndum, en starfsemi Krossvíkur hf. hafði þá legið niðri síðan árið 1988, þegar fyrirtækið var rekið sem sameiginleg útgerð í eigu HB & Co, Heimaskaga og Hafarnarins.

Á aðalfundi HB í maí 1997 var samþykkt að sameina Miðnes hf. við fyrirtækið. Saga fyrirtækjanna er samtvinnuð, því Haraldur Böðvarsson hóf útgerð frá Sandgerði árið 1914 og rak hana til ársins 1941, þegar hann ákvað að einbeita sér að rekstrinum á Akranesi. Árið 1933 seldi Haraldur Ólafi Jónssyni og Sveini Jónssyni hlut í fyrirtæki sínu og síðan allan reksturinn í Sandgerði árið 1941. Frá þeim tíma ráku þeir Ólafur og Sveinn það og síðar börn Ólafs undir nafninu Miðnes hf. Það má því segja að fyrirtækið sé á ný orðið sameinað eftir aðskilnað í um 56 ár.

Stærsti einstaki hluthafinn í Haraldi Böðvarssyni hf. er Burðarás hf. með um fjórðungs hlut.

3. Útgerðarfélag Akureyringa hf.

Félagið gerði út fimm togara árið 1999. Þar af voru tveir frystitogarar. Fyrirtækið rekur hraðfrystihús á Akureyri og á Grenivík. Þá rekur félagið veiðarfæragerð og er eigandi Laugafisks sem er umfangsmikið í þurrkun á þorskhausum.

Félagið var stofnað 26. maí 1945 og voru hluthafar 500 talsins. Meginástæðan fyrir stofnun félagsins á þeim tíma var að skapa atvinnu fyrir bæjarbúa, en verulegt atvinnuleysi hafði verið í bænum um nokkurt skeið.

Fyrst í stað var áherslan lögð á útgerð og árið 1947 var fyrsti togari félagsins keyptur til landsins, Kaldbakur EA-1. Fram til 1950 bættust tveir togarar við, Svalbakur EA-2 og Harðbakur EA-3. Nokkrum árum síðar bættist Sléttbakur EA-4 við flotann. Vinnsla í landi hófst árið 1951, fyrst eingöngu saltfiskvinnsla og svo skreiðarverkun tveimur árum síðar. Árið 1957 var hraðfrystihús ÚA tekið í notkun.

Þegar skuttogaravæðing flotans hófst upp úr 1970 tók ÚA þátt í þeirri þróun og á fáum árum er togarafloiti félagsins endurnýjaður með skuttogurum í stað síðutogara. Árið 1972 kaupir félagið skuttogann Sólbak EA-5 og á næstu þremur árum kaupir félagið fjögur skip til viðbótar. Árið 1987 er togarinn Sléttbakur lengdur og breytt í frystitogara. Árið 1990 er keyptur frystitogari sem fær nafnið Sólbakur EA-307. Árið 1994 er enn keyptur frystitogari sem fær nafnið Svalbakur EA-2 og frá þeim tíma hefur félagið að jafnaði gert út tvo til þrjá frystitogara.

Félagið keypti öll hlutabréf Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. og var það sameinað félaginu árið 1990. Þá keypti félagið frystitogarann Sólbak EA sama ár. Árið 1991 var Árbakur EA keyptur ásamt veiðiheimildum. Árið 1997 keypti Kaldafell, dótturfélag ÚA, skipin Aðalvík KE og Njarðvík KE ásamt veiðiheimildum af Íslenskum aðalverktökum. Árið 1998 seldi ÚA frá sér skipin Sólbak EA og Njarðvík KE.

Á árinu 1998 seldi ÚA 18,6% hlut sinn í Skagstrendingi hf. til Síldarvinnslunnar hf. Þá seldi ÚA einnig 25% hlut sinn í Tanga hf. og loks seldi félagið 67,9% hlut sinn í Mechlenburger HF GmbH.

Félagið gerir nú út fimm togara og rekur tvær verksmiðjur. Tveir togaranna eru frystiskip og þrjú þeirra eru ísfiskskip sem afa verksmiðjum félagsins á Akureyri og Grenivík hráefnis. Togararnir Sléttbakur og Svalbakur eru frystiskip og Kaldbakur, Harðbakur og Árbakur eru ísfiskskip.

Útgerðarfélag Akureyringa hf., ásamt Burðarás hf., keyptu í maí 1999 meirihluta í Jökli hf. af Raufarhafnarhreppi. ÚA hf. og Jökul hf. voru sameinuð undir nafni þess fyrrnefnda haustið 1999. Strax var hafin endurskipulagning á Jökli hf. og hafa 3 skip verið seld, Öxarnúpur ÞH, Reistarnúpur ÞH og Brimir ÞH, ásamt rækjuveiðiheimildum á Öxarfirði.

Í árslok 1999 náðist einnig samkomulag milli Útgerðarfélags Akureyringa hf. og Hólmadrangs hf. um að stefna að samruna þessara fyrirtækja.

Hluthafar í Útgerðarfélagi Akureyringa hf. voru um 1.600 talsins í árið 1999. Hlutabréf félagsins hafa verið skráð á Verðbréfaþingi Íslands frá árinu 1993. Stærsti hluthafinn í árslok 1999 var Burðarás hf. með um 40% hlut og næstur kom Búnaðarbankinn með um 10% hlut.

4. Þormóður rammi - Sæberg hf.

Þormóður rammi - Sæberg hf. gerir út 9 skip frá Siglufirði og Ólafsfirði og starfrækir fullkomna rækjuverksmiðja og pökkunarstöð á Siglufirði. Þormóður rammi hf. var stofnaður árið 1971. Í ársbyrjun 1997 sameinuðust fáluginu Magnús Gamalielsson hf. og sæberg hf. ásamt dótturfélögum þess félags, Dalberg ehf. og Hraðfrystihús Ólafsfjarðar hf. Í nóvember 1998 var Sigvaldi ehf. sameinaður félaginu, en það var útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki á Ólafsfirði.

Félagið stofnaði á árinu 1998, ásamt Granda hf., eignarhaldsfélagið Isla ehf. til að fara með eignarhluta í mexíkósku fyrirtækjunum Pesquera Siglo S.A. og Nautico S.A. Hluttur Þormóðs ramma Sæbergs er 50%. Hlutfé félagsins í árslok 1998 nam 1.293 millj. kr og skiptist það á 588 hluthafa, en þeir voru 590 í ársbyrjun. Í árslok 1998 áttu tveir hluthafar yfir 10% eignarhluta í félaginu, en þeir eru Grandi hf. (Ráeyri hf.) með um 19% og Marteinn Haraldsson hf. með 11%.

Þormóður rammi - Sæberg hf. keypti sumarið 1999 meirihluta hlutafjár í Siglfirðingi hf. og stefnir á að eiga 50% í því félagi í framtíðinni. Þá keypti Þormóður rammi-Sæberg hf. yfir 90% hlut í Árnesi hf., af Granda hf., og er stefnt að sameiningu félaganna árið 2000.

5. Grandi hf.

Grandi hf. gerir út þrjú frystitogara, tvo ísfisktogara og starfrækir fiskvinnslu í Norðurgarði. Faxamjöl hf., dótturfyrirtæki Granda, gerir út eitt loðnuskip og starfrækir fiskimjölsverksmiðjur í Örfirisey. Ráeyri ehf. er eignarhaldsfélag í eigu Granda hf. og á eingöngu hlutabréf (um 20%) í Þormóði ramma - Sæbergi hf. Grandi hf. var stofnað árið 1985 við sameiningu BÚR og Ísbjarnarins. Árið 1990 sameinaðist Hraðfrystistöðin hf. félaginu. Grandi hf. átti yfir 90% hlut í Árnesi hf. um mitt ár 1999. Á síðari hluta þess árs seldi Grandi hlut sinn í Árnesi til Þormóðs ramma-Sæbergs hf. Á móti keypti Grandi um 15% hlut Þormóðs ramma-Sæbergs í Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru hf. Þá átti Grandi einnig um 10% hlut í Hraðfrystihúsi Eskifjarðar hf og 10% í Haraldi Böðvarssyni hf. Þá á félagið hlutdeild í fyrirtækjum í Chile og Mexíkó, Deris SA, Nautico Mexico og Pesquera Siglo SA.

Fimm skip voru í rekstri á árinu 1999, þrjú frystiskip, Snorri Sturluson, Þerney og Örfirisey, og tvö ísfiskskip, Ásbjörn og Ottó N. Þorláksson, sem afa fyrir frystihús félagsins.

Tvö hlutdeildarfélög Granda hf. reka starfsemi sína hér á landi, Bakkavör hf. og Faxamjöl hf. Grandi á í tveim öðrum eignarhaldsfélögum, Isla ehf. og Deris S.A., sem eiga hluti í sjávarútvegsfyrirtækjum í Mexíkó og Chile.

Hluthafar í Granda hf. voru rúmlega 1.000 í ársbyrjun 1999.

6. Síldarvinnslan hf.

Félagið gerir út fjögur fiskiskip. Þar af eru tveir togarar, eitt nótaskip og eitt fjölveiðiskip. Í landi rekur félagið fiskiðjuver, frystihús og tvær fiskimjölsverksmiðjur.

Síldarvinnslan hf. í Neskaupstað var stofnuð 11. desember 1957. Aðalhluthafi var Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað með 60% hlutfjár. Bæjarsjóður Neskaupstaðar lagði fram 10% og Dráttarbrautin hf. í Neskaupstað 6%. Afgangur upphaflegs hlutfjár skiptist síðan á 32 hluthafa. Félagið var þegar í upphafi skilgreint sem almenningshlutfélag. Samkvæmt stofnsamningi skyldi tilgangur Síldarvinnslunnar hf. vera að reisa og reka síldarverksmiðju, síldarverkun og annan skyldan atvinnurekstur í Neskaupstað. Vorið 1958 hófust framkvæmdir við byggingu síldarverksmiðju félagsins og tók hún til starfa í júlímánuði sama ár.

Árið 1963 ákvað Síldarvinnslan hf. að hefja útgerð og festi kaup á tveimur nýjum síldarskipum, Barða NK og Bjarti NK, sem hófu veiðar á árinu 1965. Þriðja síldveiðiskipið bættist í flota fyrirtækisins árið 1966, Börkur NK, og það fjórða árið 1967, Birtingur NK.

Í ársbyrjun 1965 festi Síldarvinnslan hf. kaup á framleiðslutækjum Samvinnufélags útgerðarmanna og jókst þá fjölbreytni í starfsemi Síldarvinnslunnar hf. til muna. Fyrirtækið hóf rekstur hraðfrystihúss og síldarsöltunarstöðvar sem áður höfðu verið í eigu Samvinnufélags útgerðarmanna. Árið 1968 hóf Síldarvinnslan hf. saltfiskverkun.

Þegar veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum brugðust jókst mjög áhugi á botnfisk- og loðnuveiðum. Árið 1970 keypti Síldarvinnslan hf. fyrsta skuttogara Íslendinga, Barða NK, og gerðist brautryðjandi í útgerð slíkra skipa. Annar skuttogari bættist í flota fyrirtækisins árið 1973, Bjartur NK, og sá þriðji árið 1977, Birtingur NK.

Síldarvinnslan hf. tók fyrst á móti loðnu til vinnslu árið 1968. Árið 1973 festi fyrirtækið kaup á stóru nótaskipi, Berki NK, og tók það við loðnuveiðum af minni síldveiðiskipum félagsins. Árið 1981 keypti fyrirtækið annað loðnuveiðiskip, Beiti NK, sem ári síðar var breytt þannig að það geti stundað loðnu- og botnfiskveiðar jöfnum höndum. Árið 1992 keypti félagið helmingshlut í loðnuskipinu Hilmi NK.

Árið 1972 tók Síldarvinnslan hf. að sér rekstur Dráttarbrautarinnar hf. í Neskaupstað, sem starfrækti vélaverkstæði, bílaverkstæði, dráttarbraut og bátasmíðastöð. Í ársbyrjun 1981 tók Síldarvinnslan hf. fyrirtæki Dráttarbrautarinnar hf. á leigu og síðar var Dráttarbrautin hf. sameinuð Síldarvinnslunni hf.

Árið 1987 var Beiti NK breytt í frystitogara og árið 1989 var keyptur nýr skuttogari sem hafði möguleika til heilfrystingar á afla um borð. Árið 1993 keypti Síldarvinnslan hf. nýjan frystitogara, Blæng NK, og er hann fyrsti sérútbúni rækjufrystitogarinn sem keyptur er til landsins. Jafnhliða kaupum á Blængi var Hilmir NK seldur úr landi.

Í ársbyrjun 1999 keypti Síldarvinnslan hf. meirihluta í Barðsnesi ehf. Um er að ræða rekstur fiskimjölsverksmiðju í Sandgerði og útgerð Sólfells EA og Dagfara GK. Barðsnes ehf. keypti fiskimjölsverksmiðjuna og skipin tvö, ásamt uppsjávarfiskaflaheimildum, af Snæfelli hf.

Árið 1990 hófust viðskipti með hlutabréf Síldarvinnslunnar hf. á Opna tilboðsmarkaðnum og 1994 var félagið skráð á Verðbréfaþing Íslands. Stærsti einstaki hluthafinn í Síldarvinnslunni í árslok 1999 var Burðarás hf. með um fimmtung hlutfjár.

7. Ísfélag Vestmannaeyja hf.

Í janúar 1992 sameinuðust þrjú sjávarútvegsfyrirtæki, Ísfélag Vestmannaeyja hf., Bergur-Huginn hf. (sem síðar fór út aftur) og Hraðfrystistöð Vestmannaeyja hf. undir nafni Ísfélags Vestmannaeyja hf. Fram að þeim tíma höfðu öll þessi félög hvert í sínu lagi átt mislanga en merka sögu.

Ísfélag Vestmannaeyja hf. var stofnað 1901 af mönnum sem höfðu áhuga á því að koma upp beitufrystihúsi í Vestmannaeyjum. Stofnendur voru 14. Fyrstu áratuginna annaðist Ísfélagið fyrst og fremst beitusölu og geymslu á beitu, jafnframt því að geyma kjöt og aðrar nauðsynjar Eyjabúa. Eftir því sem árin liðu hófst fiskverkun á vegum félagsins og var hafin framleiðsla á fiski þar árið 1942.

Félaginu óx mjög fiskur um hrygg gegnum árin. Árið 1956 komu tólf útgerðarmenn til liðs við félagið og lögðu jafnframt inn mikinn fisk hjá félaginu af bátum sínum. Félagið varð með því eitt stærsta og öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins og einbeitti sér fyrst og fremst að fiskvinnslu.

Seinustu árin hóf félagið afskipti af útgerð með því að kaupa skuttogara með frystihúsunum í Vestmannaeyjum og jafnframt tók það þátt í útgerð í tengslum við Berg-Huginn en það var eitt af þeim fyrirtækjum sem sameinuðust. Það fyrirtæki gerði út skuttogarana Vestmannaey og Smáey en Ísfélagið átti 40% í því fyrirtæki við sameiningu.

Eitt af fyrirtækjunum sem sameinuðust Ísfélagi Vestmannaeyja hf. var Hraðfrystistöð Vestmannaeyja hf. Hún var stofnuð árið 1939 en Einar Sigurðsson, útgerðarmaður og kaupmaður, hafði hafið atvinnurekstur í Vestmannaeyjum árið 1924. Hraðfrystistöðin var áratugum saman eitt stærsta og öflugasta frystihús landsins. Hraðfrystistöðin var með mikinn rekstur á sviði loðnuútgerðar, gerði út fjögur loðnuskip og var með frystingu og mjólverksmiðju.

Þessi fyrirtæki sameinuðust öll undir nafni Ísfélags Vestmannaeyja 1992. Rekstur Ísfélagsins skiptist í nokkrar deildir. Stærsta deildin er fiskvinnsla félagsins en það rekur umfangmikið frystihús og saltfiskverkun. Ísfélagið rekur fiskimjölsverksmiðju og umfangsmikla útgerð sem skiptist í tvær deildir, bolfiskskip og nótaskip. Nótaskipin eru Antares VE, Gígja VE, Guðmundur VE og Sigurður VE. Bolfiskskipin eru skuttogaranir Álsey VE og Bergey VE, og loks er Heimaey VE.

Forráðamenn Ísfélagsins, Krossaness hf. (sem Ísfélagið á 41,7% eignarhlut í) og Óslands ehf. Hafa komist að samkomulagi um að félagin þrjú sameinist í einu fyrirtæki. Nýja félagið mun bera heiti Ísfélagsins.

8. Fiskiðjan Skagfirðingur hf.

Hlutfélagið Skagfirðingur hf. var stofnað 1989, en nafni þess var breytt í Fiskiðjan Skagfirðingur hf. í maí 1995. Fiskiðjan Skagfirðingur hf. hefur orðið til með kaupum á, eða samruna nokkurra félaga á umliðnum áratug. Þessi félög eru Fiskiðja Sauðárkróks hf., Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf., Útgerðarfélag Skagfirðinga hf. og Skjöldur hf. Síðast var Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf. sameinað félaginu í janúar 1996. FISK á einnig 33% hlut í Farsæl ehf.

Rætur félagsins má rekja allt aftur til ársins 1940, en það ár var Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf. stofnað af fjölda einstaklinga í Eyrarsveit á Snæfellsnesi. Árið 1955 var Fiskiðja Sauðárkróks hf. stofnuð og voru upphaflegir eigendur hennar Kaupfélag Skagfirðinga og Sauðárkrókskaupstaður. Árið 1968 var Útgerðarfélag Skagfirðinga hf. stofnað með þátttöku bæjarfélagsins, Kaupfélagsins, Fiskiðju Sauðárkróks og Skjaldar hf., auk fjölda einstaklinga. Síðan var rekstur Útgerðarfélagsins Nafar hf. á Hofsósi sameinaður Útgerðarfélaginu. Skjöldur hf. á Sauðárkróki var stofnaður 1968 af fjölda einstaklinga í Skagafirði.

Fiskiðjan Skagfirðingur hf. er dótturfélag Fiskiðju Sauðárkróks ehf. (58%) sem er dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga. Kaupfélagið á einnig beinan eignarhlut upp á um 10% í félaginu. Félagið rekur saltfisk- og skreiðarverkun, frystihús og þökkunarstöð á Sauðárkróki, en rækju- og hörpudiskvinnslu á Grundarfirði. Fyrirtækið á frystitogarann Málmei SK 1 og ísfisktogarana Hegranes SK 2, Skafta SK 3, Skagfirðing SK 4 og Klakk SH 510.

9. Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.

Félagið rekur loðnubræðslu, frystihús, saltfiskverkun og rækjuvinnslu á Eskifirði. Einnig gerir félagið út togaranna Hólmatind og Hólmanes og nótaveiðiskipin Hólmaborg, Jón Kjartansson og Guðrúnu Þorkelsdóttur. Félagið var stofnað 1944.

Í ágúst 1998 keypti félagið útgerðarfélagið Trítón ehf. á Djúpavogi, sem gerir út Votaberg SU.

10. Þorbjörn hf.

Þorbjörn hf. er alhliða sjávarútvegsfyrirtæki sem rekur tvo frystitogara. Saltfiskverkun er rekin í Grindavík og í tengslum við hana eru gerðir út þrjú vertíðarbátar.

Þorbjörn hf. var stofnað þann 24. nóvember 1953 af fjórum sjómönnum og eiginkonum þeirra um rekstur á vélbátnum Hrafn Sveinbjarnarsyni og saltfisk- og síldarverkun í Grindavík. Félagið hefur lengst af verið í bátaútgerð ásamt því að vera með síldar- saltfisk- og skreiðarverkun, auk rækjuvinnslu um tíma bæði pillun í landi og frystingu á sjó.

Saltfiskvinnsla hefur verið stærsti þátturinn í landvinnslu félagsins allt frá stofnun. Síldarsöltun var einnig snar þáttur í starfsemi félagsins og þá sérstaklega á árunum frá 1960-1968, en þá var bæði vinnslustöð í Grindavík og á Siglufirði í samvinnu við aðra. Frá 1975 var svo síldarsöltunin eingöngu í Grindavík.

Í lok árs 1981 var svo komið að félagið gerði út fimm skip, Hrafn GK sem var nótaskip og fjóra vertíðarbátar, Hrafn Sveinbjarnarson GK, Hrafn Sveinbjarnarson II GK, Hrafn Sveinbjarnarson III GK og Sigurð Þorleifsson GK. Árið 1988 verða straumhvörf í rekstri félagsins þegar félagið kaupir sinn fyrsta togara, Gnúp GK, af Granda hf. í kjölfar þess að Hrafn Sveinbjarnarson III GK strandaði við Hópsnes og var dæmdur ónýtur. Árið 1990 var frystiskipið Hrafn Sveinbjarnarson GK var keypt frá Hrísey, árgamalt skip. Frá þessum tíma breyttist félagið úr hefðbundinni bátaútgerð í togaraútgerð með vinnslu úti á sjó. Fyrst söltun um borð, með framhaldsvinnslu í landi, sem fyrirtækið var brautryðjandi í, síðan vaxandi frystingu um borð. Í kjölfarið dró verulega úr landvinnslu félagsins, þó enn væri töluverð saltfiskvinnsla

yfir hefðbundna vertíðamánuði. Í lok árs 1996 gerði félagið út tvo flakafrystitogara, Gnúp GK og Hrafn Sveinbjarnarson GK auk ísfisktogarans Sturlu GK.

Í janúar 1998 var Hælsvík ehf. í Grindavík sameinað Þorbirni hf. Hluthafar í Hælsvík ehf. fengu sem gagn gjald fyrir hlutafé sitt hlutafé í Þorbirni hf. Á sama tíma var Sæunn ehf. í Keflavík sameinað Þorbirni hf. Fyrir sameininguna átti Þorbjörn hf. hlut í Sæunni ehf. sem var 46,5% af heildarhlutafé í félaginu. Aðrir hluthafar í Sæunni ehf. fengu í sinn hlut hlutafé í Þorbirni hf. Þá var í janúar 1998 Markhóll ehf. á Patreksfirði sameinað Þorbirni hf. Fyrir sameininguna átti Þorbjörn hf. hlut í Markhól ehf. sem var 98% af heildar hlutafé í félaginu. Aðrir hluthafar í Markhól ehf. fengu í sinn hlut hlutafé í Þorbirni hf.

Árið 1999 voru í útgerð hjá fyrirtækinu flakafrystitogararnir Gnúpur GK, og Hrafn Sveinbjarnarson GK, ísrækjutogararnir Sturla GK og Óseyri ÍS, netabátarnir Skúmur GK og Hafberg GK og línubáturinn Hrafnseyri ÍS. Flakafrystitogarar Þorbjörns hf. hafa verið á bolfisk- og grálúðuveiðum innan landhelgi og karfaveiðum bæði innan og utan landhelgi. Sturla GK og Óseyri ÍS á rækjuveiðum. Netabátarnir Skúmur GK og Hafberg GK og línubáturinn Hrafnseyri ÍS hafa verið á bolfiskveiðum og aflað saltfiskvinnslu fyrirtækisins hráefnis. Saltfisk- og síldarvinnsla er í Grindavík. Hefur saltfiskvinnslan verið starfrækt yfir hefðbundna vertíðarmánuði en síldarvinnslan hefur legið niðri um nokkurt skeið. Einnig hefur félagið fryst loðnu í Grindavík þegar tækifæri hefur gefist. Í Grindavík er jafnframt starfrækt netaverkstæði og véla-og trésmíðaverkstæði.

Í september 1998 stofnaði Þorbjörn hf. dótturfélag undir nafninu Bakki hf. Félagið tók við allri starfsemi Þorbjörns hf. í Bolungavík. Meginmarkmiðið með þessari breytingu var að fá til liðs við félagið nýja eigendur, þá helst aðila sem með einhverjum hætti gætu styrkt rekstrarmöguleika félagsins. Félagið hélt áfram rekstri rækjuvinnslunnar í Bolungarvík og gerði út togarana Óseyri ÍS og Sturlu GK. Starfsemi bolfiskvinnslu hefur nú verið dregin saman. Þorbjörn hf. hefur nú hætt afskiptum af rekstri Bakka hf. og seldi nú nýverið 40% hlut sinn í fyrirtækinu.

Þorbjörn hf. keypti á árinu 1998 um 25% hlut í Hraðfrystihúsi Hellisands hf. Fyrir hlutinn greiddi Þorbjörn með eigin hlutafé, u.þ.b. 2,5%.

11. Snæfell hf.

Snæfell hf. varð til í júní árið 1997 við samruna Útgerðarfélags Dalvíkinga og annara útgerða -og fiskvinnslufyrirtækja KEA á Akureyri, Dalvík og Hrísey. Síðar voru Gunnarstindur hf. á Stöðvarfirði og Snæfellingur hf. í Ólafsvík sameinuð félaginu.

Snæfell hf. hefur aðalskrifstofur sínar á Dalvík. Rekstrareiningar fyrirtækisins eru á 6 stöðum (5 stöðum eftir að fiskimjölsverksmiðjan í Sandgerði var seld nú nýverið til Síldarvinnslunnar). Botnfiskvinnsla er á Eyjafjarðarsvæðinu á Dalvík, Hjalteyri og Hrísey, síldar- og loðnuvinnsla á Stöðvarfirði og Sangerði (selt til Síldarvinnslunnar hf. árið 1999), og rækjuvinnsla í Ólafsvík. Nöfn skipa félagsins og útgerðarstaðir: Björgvin EA 311 (flakafrysting), Dalvík, Björgúlfur EA 312 (ísfisktogari), Dalvík, Dagfari GK 70 (nótaskip, selt til Síldarvinnslunnar hf. árið 1999), Sandgerði, Kambaröst SU 200 (ísfisktogari), Stöðvarfjörður, Már SH 127 (ísfisktogari), Ólafsvík, Snæfell SH 740 (rækjufrysting), Ólafsvík, og Sólfell EA 340 (nótaskip, selt til Síldarvinnslunnar hf. árið 1999), Dalvík.

Samherji hf. keypti í maímánuði 1999 hlut í Snæfelli hf. Kaupin fóru fram í gegnum Kaldbak hf. fjárfestingarfélags Samherja hf. og Kaupfélags Eyfirðinga, en það síðarnefnda hefur verið aðaleigandi Snæfells hf. Kaldbakur hf. keypti 23,5% hlut í Snæfelli. Gert er ráð fyrir að hlutafé Snæfells verði síðan aukið og þá mun Kaldbakur hf. auka eignarhlut sinn í Snæfelli hf. í um 40%, en KEA mun áfram eiga rúm 50%.

12. Skagstrendingur hf.

Árið 1999 gerði félagið út frystitogarann Arnar HU. Félagið rekur rækju- og fiskvinnslu á Skagaströnd og loðnu- og fiskvinnslu á Seyðisfirði. Félagið var stofnað árið 1968.

Miklar breytingar hafa orðið á rekstri félagsins á undanförunum árum. Félagið var framan af eingöngu í útgerð, hóf m.a. frystitogarútgerð 1982, en hefur síðan haslað sér völl í rækjuvinnslu á Skagaströnd. Fiskiðjan Dvergasteinn ehf. á Seyðisfirði var sameinuð Skagstrendingi hf. árið 1997. Fiskiðjan Dvegasteinn rak frystihús á Seyðisfirði. Skagstrendingur hafði átt einn frystitogara til viðbótar, Örvar HU, en hann var seldur til erlends félags, sem Skagstrendingur er aðili að, árið 1997.

Stærstu hluthafar í Skagstrendingi í ágúst 1999 eru Samherji hf, með um tæp 40%, Höfðahreppur, með um 20%, og Burðarás hf. með um 11%.

13. Hraðfrystihúsið hf.

Félagið á sér langa sögu, var stofnað árið 1941. Fyrirtækið rekur fisk- og rækjuvinnslu í Hnífsdal og rækjuvinnslu á Súðavík. Það gerir út 3 skuttogara og 2 minni báta (sem stunda rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi).

Hraðfrystihúsið hf. var upprunalega fjölskyldufyrirtæki og var lokað fram til ársins 1997. Þá voru hluthafar í fjölskyldunni orðnir um 75. Fyrirtækið átti dótturfélagið Miðfell hf., sem gerði út skuttogarann Pál Pálsson ÍS.

Árið 1997 sameinuðust Hraðfrystihúsið hf., Miðfell hf. og Frosti hf. á Súðavík undir nafni Hraðfrystihússins. Frosti hf. (og dótturfélagið Álftfirðingur hf.) rak vinnslu á Súðavík og gerði út frystitogarna Bessa ÍS og Andey ÍS. Stærstu einstöku hluthafarnir eftir sameiningu voru Gunnvör hf. (í gegnum dótturfélag sitt) og Súðavíkurhreppur (Ísafjarðabær) með um 20% hvor, en hin 60% dreifðust á þá 75 aðila sem stóðu að Hraðfrystihúsinu áður. Strax eftir sameininguna var félagið skráð á hlutabréfamarkað (Opna tilboðsmarkaðinn). Í ársbyjun 1998 sameinaðist svo Króksnes ehf. á Ísafirði Hraðfrystihúsinu hf. Króksnes gerði út rækjubátinn Örn ÍS. Einnig gekk útgerð Gunnars Sigurðssonar ÍS inn í félagið.

Á árinu 1999 náðist samkomulag á milli Hraðfrystihússins hf. og Gunnvarar hf. um samruna fyrirtækjanna og dótturfélags þess síðarnefnda, Íshússfélag Ísfirðinga hf. Gunnvör hf. á fyrir um 19% hlut í Hraðfrystihúsinu hf. Til viðbótar við núverandi eigendur þessara fyrirtækja koma að sameinuðu fyrirtæki, Grandi hf., Þormóður rammi-Sæberg hf. og Ránarborg hf. hvor með 10% eignarhlut. Þá keypti Íslandsbanki hf. um 10% hlut. Nýja félagið mun heita Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.

14. Fiskaness hf.

Félagið er stofnað 1965 og er staðsett í Grindavík. Fyrirtækið er í hefðbundinni bolfiskvinnslu, aðallega í saltfisk. Það gerir út sex vertíðarbáta og eitt nótaskip.

15. Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga

Kaupfélagið rekur fiskvinnslu og gerir út skuttogara frá heimabyggð sinni.

16. Básafell hf.

Árið 1999 gerði félagið út 4 togara og starfrækti auk þess rækjuverksmiðju og niðursuðuverksmiðju á Ísafirði og saltfiskverkun á Flateyri á árinu 1999. Dótturfélag er Útgerðarfélagið Tálkni ehf. (50% eignarhlutur).

Básafell hf. var stofnað á Ísafirði í febrúar 1992 og var upphaflega rekið sem rækjuvinnsla, en rækjan var aðallega keypt af tveim skipum sem voru í föstum viðskiptum, Hafrafelli ÍS og Guðmundi Péturs ÍS, sem höfðu kvóta upp á rúmlega 900 þorskígildistonn (aðallega rækjukvóti). Skip þessi voru í eigu Ásafells hf. (100%) og Sandeyrar hf. en þau félög voru að miklu leyti í eigu sömu aðila og áttu Básafell hf. Árið 1995 sameinuðust þessi tvö félög Básafelli hf. ásamt tveim öðrum tengdum félögum, Kögurfelli hf. og Skipeyri hf.

Frekari sameiningar urðu ári seinna þegar sameinað Básafell hf. og þrjú önnur sjávarútvegsfyrirtæki ákváðu að sameinast. Samkomulag náðist milli aðila um sameiningu félaganna í nóvember 1996 en að því stóðu auk Ásafells hf. Togaraútgerð Ísafjarðar hf., Útgerðarfélagið Sléttanes hf. og Ritur hf. Fyrirtækin voru sameinuð með það markmið að samnýta framleiðsluþætti þess, hagræða í rekstri, auka arðsemi og gefa þeim möguleika til vaxtar. Ákveðið var að reka hið sameinaða fyrirtæki undir nafni hins gamla Ásafells hf.

Næsta skref var tekið þegar sameinað Básafell hf. keypti öll hlutabréfin í Hraðfrystihúsi Norðurtangans hf. í desember 1996 og voru félögin síðan sameinuð 1997. Að lokum var undirritað samkomulag árið 1997 við alla hluthafa í Kambi hf., Flateyri, um sameiningu félaganna. Félagið samanstendur því af tíu gömlum sjávarútvegsfyrirtækjum. Eftir sameiningu ofangreindra fyrirtækja varð Básafell hf. um tíma stærsta sjávarútvegsfyrirtækið á Vestfjörðum. Um áramótin 1998-99 sameinaðist Fiskiðjan Freyja hf. á Suðureyri einnig félaginu, en Fiskiðjan hafði verið í eigu Norðurtangans og Frosta hf. á Súðavík.

Básafell hf. starfrækti rækjuverksmiðju, niðursuðuverksmiðju og saltfiskverkun auk stöðdeilda. Þá gerði Básafell hf. út fjögur skip; þrjú frystitogara og einn ísrækjutogara: Frystitogarinn Sléttanes ÍS, sem sérhæfður er til veiða og vinnslu bolfisks hefur nú verið seldur til Ingimundar hf. og Látra hf., ásamt um 2.000 þorskígildistönum. Frystitogarinn Skutull ÍS er sérhæfður til veiða og vinnslu á rækju. Frystitogarinn Orri ÍS er sérhæfður til veiða og vinnslu rækju ásamt heilfrystingu bolfisks. Ísrækjutogarinn Guðmundur Péturs ÍS var gerður út á rækjuveiðar.

Hlutfé var um áramótin 1998/99 714 milljónir og í eigu 270 hluthafa. Þar voru stærstir Olúfélagið hf. (25%, en Guðmundur Kristjánsson útgerðarmaður á Rífi keypti þennan hlut sumarið 1999), Ísafjarðarbær (10%), Gunnvör hf. (5,5%, en Guðmundur Kristjánsson keypti þennan hlut vorið 1999) Hlutabréfasjóðurinn Íshaf (5%) og Hjálmur ehf. (4,5%). Stærsti hluthafinn í ágúst 1999 eru því aðstandendur Kristjáns Guðmundssonar hf. á Rífi, með um 40% hlutfjár.

Alla útgerð, vinnslu og stjórnun félagsins er verið að endurskipleggja og hafa þegar orðið miklar breytingar í rekstrarumsvifum Básafells hf. Starfsemi Básafells á Flareyri og Þingeyri verður í umsjón heimamanna og í meirihlutaeigu þeirra, en Básafell hf. mun síðar alfarið losa sig við eignarhluta sinn á þessum stöðum. Þá hefur sá hluti starfsemi Básafells á Ísafirði sem snýr að veiðum og vinnslu á rækju verið settur inn í nýtt félag, sem Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. stendur einnig að.

17. Ögurvík hf.

Félagið er stofnað árið 1971 og gerir út 2 frystitogara frá Reykjavík. Félagið er fjölskyldufyrirtæki.

18. Gjögur hf.

Félagið á sér langa sögu og er skrásett á Grenivík. Félagið gerir út 1 skuttogara og 2 aflamarksskip, en einnig rekur það fiskverkun í Grindavík.

19. Stálskip hf.

Félagið er stofnað árið 1971 og gerir út 2 frystitogara frá Hafnarfirði. Félagið er fjölskyldufyrirtæki.

20. Vinnslustöðin hf.

Vinnslustöðin var stofnuð 1946 (hét upphaflega Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum og á aðalfundi 1952 var formlega samþykkt að breyta nafni félagsins í Vinnslustöðin). Árið 1952 eignast Vinnslustöðin síðan 30% hlutfjár í Beinamjölsværksmiðjunni sem síðar var nefnd Fiskimjölsværksmiðjan og 1957 var hlutur Vinnslustöðvarinnar í fyrirtækinu orðinn 50% á móti Fiskiðjunni.

Þegar komið var fram til ársins 1975 var útgerðarmynstrið tekið að breytast. Bátum fór fækkandi, minni og óreglulegri afli barst á land til vinnslu í stöðvunum. Því er farið innan stjórnar Vinnslustöðvarinnar að huga að kaupum á skuttogara til hráefnisöflunar fyrir fyrirtækið. Sú hugmynd þróaðist út í það að samvinna myndaðist með Vinnslustöðinni, Fiskiðjunni og Ísfélaginu um kaup á nýsmíðuðum togara frá Póllandi, Klakki VE-103, sem kom til Eyja í byrjun árs 1977. Var stofnað um þessa útgerð sérstakt hlutfélag, Klakkur hf., sem var í eigu áður nefndra þriggja fiskvinnslustöðva. Þar með hófst togarabyltingin í Vestmannaeyjum, því á árinu 1977 keypti Fiskimjölsværksmiðjan hf. togarana Sindra VE-60 og Breka VE-61 og var afla þessara ágætu aflskipa skipt nær jafnt milli Vinnslustöðvarinnar og Fiskiðjunnar. Um svipað leyti eignaðist Ísfélag Vestmannaeyja tæpan helmings hlut í Vestmannaey VE-54 sem kom til Eyja árið 1973 en afli hennar hafði fram til þess farið til vinnslu í allar þrjár stöðvarnar.

Ekki vegnaði togarautgerðinni vel fyrstu árin og miklir erfiðleikar voru í rekstri togaranna. Hófst fljótlega viðræður milli Vinnslustöðvarinnar, Fiskiðjunnar, Fiskimjölsværksmiðjunar og Ísfélagsins um stofnun sameignarfélags um rekstur þriggja togara, Klakks, Sindra og Breka. Þessar viðræður leiddu til stofnunar Samtogs sf. sem tók yfir rekstur þessara togara í janúar 1980. Strax árið eftir voru gerðir samningar um smíði tveggja skipa í Póllandi sem komu síðan til Eyja á árinu 1984, Gideon og Halkion.

Samstaðan milli eigenda Samtogs entist ekki lengi og fljótt tók að bera á ágreiningi. Árið 1987 ákvað Ísfélagið að draga sig út úr rekstrinum og fékk í sinn hlut Gideon og Halkion. Í desember 1990 var svo Samtogs endanlega lagt niður og eignaðist Vinnslustöðin þá Breka en Fiskiðjan Klakk og Sindra.

Um áramótin 1988/89 eignaðist Vinnslustöðin að fullu Lifrarsamlag Vestmannaeyja sem til þess tíma hafði verið sameign Vinnslustöðvarinnar, Ísfélagsins, Hraðfrystistöðvarinnar og Bergs-Hugins. Árið 1989 kom fram hugmynd um að stofna sérstakt fyrirtæki um útgerðarrekstur fyrirtækisins og í ársbyrjun 1990 er Útgerðarfélagið Knörr hf. formlega sett á flot.

Á hluthafafundi í Vinnslustöðinni í desember 1991 var staðfest sameining dótturfyrirtækja hennar, Lifrarsamlags Vestmannaeyja, Gunnars Ólafssonar & co hf. og Útgerðarfélagsins Knörr hf. við móðurfélagið. Í kjölfar þess var sameining Vinnslustöðvarinnar hf., Fiskiðjunar hf. og Fiskimjölsværksmiðjunnar hf. samþykkt. Á sama tíma átti sér stað sameining Ísfélags Vestmannaeyja og Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja. Í ársbyrjun 1992 heyrðu þannig mörg rótgróin útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki Vestmannaeyja sögunni til en uppi stóðu tvö stærri fyrirtæki á þessum vettvangi, Vinnslustöðin hf. og Ísfélag Vestmannaeyja hf.

Bjarni Sighvatsson og fjölskylda hans seldu síðar hluti sína í Vinnslustöðinni til Íslenskra sjávarafurða hf. sem þar með voru ásamt Olúfólaginu hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf. orðnir stærstu hluthafar félagsins.

Stjórnir Vinnslustöðvarinnar og Meitilsins í Þorlákshöfn gerðu með sér samkomulag síðari hluta árs 1996 um sameiningu þessara fyrirtækja undir nafni Vinnslustöðvarinnar. Þessi sameining hlaut samþykki á aðalfundi Vinnslustöðvarinnar í desember 1996 en skömmu áður hafði hluthafafundur í Meitlinum samþykkt sameininguna (Vinnslustöðin hf. á nú 100% hlut í Meitlinum hf.). Vinnslustöðin hf. varð þar með eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins (að Bárustíg hf. meðtöldu, en Vinnslustöðin á 100% hlut í því félagi).

Fyrirtækið gerði út 6 skip árið 1999: Brynjólf ÁR 3, Danska Pétur VE 423 (sem var seldur í september 1999, ásamt um 500 þorskígilda veiðiheimildum, til Frostfisks ehf.), Drangavík VE 80 (skuttogari), Jón Vídalín ÁR 1 (skuttogari), Kap VE 4 (nótaskip), og Sighvat Bjarnason VE 81 (nótaskip). Fyrirtækið á fiskvinnsluhús í Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum, fiskimjölsverksmiðju í Eyjum og á hlut í nýrri fiskimjölsverksmiðju í Þorlákshöfn. Þá á félagið 18% hlut í Útgerðarfélagi Vestmannaeyja hf. og 33% hlut í Sp/f Galdrangur í Færeyjum. Með sölu Danska Péturs VE til Frostfisks ehf. í september 1999 eignaðist Vinnslustöðin um 40% hlut í því félagi.

21. Ljósavík hf.

Ljósavík sf. var stofnað árið 1975 í Þorlákshöfn og var það í fyrstu rekið sem sameignarfélag, en frá árinu 1986 sem hlutafélag, alfarið í eigu tveggja fjölskyldna. Fyrirtækið er staðsett í Þorlákshöfn og er megin starfsemi þess í dag djúpsjávarrækjuveiðar með vinnslu og frystingu um borð og er aflanum aðallega landað í Reykjavík og á Akureyri. Ljósavík selur afurðir sínar undir eigin framleiðslumerki bæði á innanlandsmarkaði og á erlendum mörkuðum. Í dag á fyrirtækið og rekur tvö rækjuveiðiskip, Gissur ÁR og Ask ÁR. Félagið átti einnig rækjufrystitogarann Hersir ÁR, en hann var seldur úr landi sumarið 1999. Þá á félagið um 67% hlut í rækjuvinnslunni Pólum á Siglufirði og hafa skip félagsins landað nokkru af afla sínum þar. Í ágúst 1999 keypti Ljósavík hf. um 20% hlut í Fiskiðjusamlagi Húsavíkur hf.

22. Guðmundur Runólfsson hf.

Guðmundur Runólfsson hf. gerir út ísfisktogarann Hring SH og rekur fiskvinnslu og netaverkstæði í Grundarfirði.

Uppruna félagsins má rekja aftur til ársins 1947 þegar Guðmundur Runólfsson lét byggja fyrir sig bát á Norðfirði, sem gefið var nafnið Runólfur SH. Um rekstur bátsins var stofnað útgerðarfélagið Runólfur hf. Skuttogarinn Runólfur SH kom hann í fyrsta sinn til Grundarfjarðar í janúar 1975. Runólfur landaði í fyrstu hjá Hraðfrystihúsi Grundarfjarðar auk þess sem skipið stundaði siglingar með aflann.

Guðmundur Runólfsson hf. var stofnað í desember 1974. Starfsemi félagsins í upphafi var útgerð og rekstur netaverkstæðis. Í september 1993 sameinaðist félagið Sæfangi hf., fiskvinnslufyrirtæki í Grundarfirði sem stofnað hafði verið 1979. Með sameiningu fyrirtækjanna varð til eitt fyrirtæki sem stundaði veiðar, vinnslu og rekstur netaverkstæðis. Við sameiningu Guðmundar Runólfssonar hf. og Sæfangs hf. var mörkuð sú stefna að byggja upp öflugan bolfiskvinnslu félagsins í Grundarfirði. Bolfiskvinnslan er meginstarfsemi fyrirtækisins.

Félagið gerir út togarann Hring SH sem keyptur var 1996. Hringur ber veiðiheimildir félagsins eftir að Runólfur var seldur. Skipið var keypt með það í huga að stunda á því veiðar á úthafskarfa og var gert út á úthafskarfaveiðar og til veiða í Smugunni á árinu 1996. Skipinu verður að mestu stýrt til veiða á heimamíðum, þ.e. frá sunnan og vestanverðu landinu. Helstu fisktegundirnar eru þorskur, ýsa, ufsi, karfi, steinbítur og flatfiskur. Þorski, ýsu, ufsa og karfa verður að mestu verið landað til vinnslu í bolfiskvinnslu félagsins en aðrar fisktegundir verða seldar á markaði eða fluttar út í gámum.

Undir lok árs 1999 keypti félagið skip Útgerðarfélagsins Njarðar ehf. Húsavík og mestan hluta aflaheimilda þess félags.

23. Kristján Guðmundsson hf.

Félagið er stofnað árið 1989 og er staðsett á Hellissandi. Það rekur fiskvinnslu og gerir út 2 aflamarksskip. Fyrirtækið er samsett af 3 félögum, einu um fiskvinnslu, öðru um útgerðina og því þriðja sem eignarhaldsfélagi. Aðstandendur félagsins keyptu sumarið 1999 um 40% hlut í Básafelli hf.

24. Njáll hf.

Félagið á sér nokkuð langa sögu við fiskverkun í Garði. Fyrirtækið er fjölskyldufyrirtæki. Útgerðarþáttur félagsins hefur vaxið hratt undanfarin áratug og gerir það nú út 2 togara og 5 aflamarksskip. Fyrirtækið á einnig félagið Nesfisk hf. í Garði, en það rekur fiskvinnslu.

25. Sólbakki hf.

Félagið rekur sögu sína aftur til ársins 1975 þegar það hóf útgerð á nótaskipi til loðnuveiða frá Keflavík. Fyrirtækið gerir í dag út tvö skip, Örn KE (nótaskip) og Haförn KE (aflamarksskip á snurvoð). Félagið er fjölskyldufyrirtæki, í eigu bræðra. Þeir eiga einnig Saltver hf. í Keflavík, en það félag rekur rækjuvinnslu og gerir út Erling KE (aflamarksskip).

26. Gunnvör hf.

Félagið á sér langa sögu, það er fjölskyldufyrirtæki og gerir út 2 skuttogara frá Ísafirði. Dótturfélag þess er Íshúsfélag Ísfirðinga hf. Gunnvör hf. á einnig tæp 5% í Básafelli hf.

Nú nýverið náðist samkomulag á milli Hraðfrystihússins hf. og Gunnvarar hf. um samruna fyrirtækjanna og dótturfélags þess síðarnefnda, Íshússfélag Ísfirðinga hf. Gunnvör hf. á fyrir um 19% hlut í Hraðfrystihúsinu hf. Til viðbótar við núverandi eigendur þessara fyrirtækja og að sameinuðu fyrirtæki, Þormóður rammi-Sæberg hf. og Ránarborg hf. hvor með 10% eignarhlut. Þá hefur Íslandsbanki hf. keypt 10% hlut, sem seldur verður við skráningu hins smeinaða félags á VPÍ.

27. Þinganes hf.

Félagið á sér nokkra sögu og er fjölkildufyrirtæki, í eigu tveggja bræðra. Það gerir út tvö aflamarksskip frá Höfn.

Þinganes ehf. og Skinney hf., einnig á Höfn, keyptu í sameiningu í ársbyrjun 1999 meirihluta (um 60%) í Borgey hf. (stofnað 1946) á Höfn. Stefnt er að því að sameina öll þrjú fyrirtækin og líklegt að það fari á almennan hlutafjármarkað þegar sameiningin er yfirstaðin. Nýtt nafn félagsins verður Skinney - Þinganes hf.

28. Árnes hf.

Félagið er stofnað árið 1991 við samruna Glettings hf. og Hraðfrystihús Stokkseyrar hf. og er í dag með starfsemi á Stokkseyri, Þorlákshöfn og Dalvík. Það gerir út 4 aflamarksskip. Kvóti bátanna er verulegur í humri og ýmsum kolategundum, en Árnes hf. sérhæfir sig í vinnslu afurða þeirra.

Grandi hf. átti um 27% hlut í félaginu í árslok 1998 en jók síðan hlut sinn í yfir 90%. Síðari hluta árs 1999 seldi Grandi hlut sinn til Þormóðs ramma-Sæbergs hf. og er stefnt að samruna félaganna.

29. Hraðfrystihúsið Norðurtangi hf.

Fyrirtækið gerði út togarann Orra ÍS, en félagið sameinaðist Básafelli hf. árið 1997.

30. Húnaröst hf.

Útgerðarfyrirtæki, sem var eigandi að Húnaröst SF. Félagið komst í 50% eigu Borgeyjar hf. á Höfn árið 1996 og alfarið í eign þess 1997. Borgey hf. var stofnað 1946 og var í ársbyrjun 1999 yfirtekin af tveimur öðrum félögum á Hornarfirði, Skinney hf. og Þinganes ehf. (keyptu um 60% hlut).

31. Rauði hf. (Jökull hf.)

Útgerðarfyrirtæki var alfarið í eigu Jökuls hf. á Raufarhöfn. Fyrirtækið Jökull hf. var stofnað árið 1968. Félagið gerði út rækjufrystitogara, loðnuskip og tvo rækjubáta. Jökull hf. var einnig með landvinnslu á Raufarhöfn. Dótturfélag var Brimnir ehf. (53%) sem gerði út rækjufrystitogarann Brimni ÞH (seldur úr landi sumarið 1999).

Jökull hf. gerði út rækjufrystitogarann Rauðanúp ÞH, fjölveiðiskipið Arnarnúp ÞH, rækjubátana Atlanúp ÞH og Öxarnúp ÞH og einnig átti félagið rækjufrystitogarann Sléttunúp ÞH. Þá bættist Aron ÞH í flotann í ársbyrjun 1999, en hann var keyptur af Knarrareyri ehf. á Húsavík. Minni skip Jökuls stunduðu veiðar á innfjarðarrækju í Öxarfirði (með 50% af rækjukvótanum þar) í Skjálfanda (með 1/3 af rækjukvótans).

Útgerðarfélag Akureyringa hf., ásamt Burðarás hf., keyptu í maí 1999 meirihluta í Jökli hf. af Raufarhafnarhreppi. ÚA hf. og Jökul hf. voru síðan sameinuð undir nafni þess fyrrnefnda haustið 1999.

Þegar var hafin endurskipulagning á þeirri starfsemi sem Jökull hf. hafði með höndum og m.a. innfjarðarrækjubátarnir ásamt veiðiheimildum þeirra verið seldir.

32. Tangi hf.

Félagið gerir út frystitogarann Bretting og nótaskipið Sunnuberg. Félagið rekur frystihús á Vopnafirði og fiskimjölsverksmiðju. Félagið var stofnað árið 1965. Félagið var skráð á verðbrefamarkað í september 1998.

33. Fiskimjöl og Lýsi hf.

Félagið rekur fiskimjölsverksmiðju í Grindavík. Félagið er að öllu leyti í eigu Samherja hf.

34. Júpiter hf.

Félagið var stofnað árið 1989 og var skrásett á Bolungarvík. Félagið átti eitt nótaskip, Júpíter ÞH, en það fór síðar í útgerð Skála hf. (sem er í meirihlutaeigu Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf.).

35. Skinney hf.

Félagið á sér langa sögu og er fjölskyldufyrirtæki. Það rekur fiskverkun á Höfn og frystihús á Reyðarfirði, ásamt því að gera út 3 aflamarksskip. Félagið á einnig 20% hlut í fiskimjölsverksmiðjunni Ósland hf. á Höfn.

Skinney hf. og Þinganes ehf. keyptu í sameiningu í ársbyrjun 1999 meirihluta (um 60%) í Borgey hf. (stofnað 1946) á Höfn. Stefnt er að því að sameina öll þrjú fyrirtækin og líklegt að það fari á almennan hlutafjármarkað þegar sameiningin er yfirstaðin. Nýtt nafn félagsins verður Skinney - Þinganes hf.

36. Vísir hf.

Félagið er rekur starfsemi sína aftur til ársins 1965 og hafði fram til ársins 1998 starfað eingöngu í Grindavík. Í árslok 1998 keypti félagið meirihluta í Búlandstindi hf. á Djúpavogi og Breiðdalsvík (en seldi skömmu síðar verkunaraðstöðuna á síðarnefnda staðnum). Fyrirtækið gerir út 6 báta, sem stunda aðallega línuveiðar. Vísir hf. er fjölskyldufyrirtæki og hefur verið svo frá árinu 1989. Í ágúst mánuði 1999 stofnaði Vísir hf., í samstarfi við Burðarás hf., fiskvinnslufyrirtækið Fjölnir hf. á Þingeyri.

37. Bárustígur hf.

Félagið er eigandi að einu fiskiskipi, sem er í útgerð Vinnslustöðvarinnar hf. í Vestmannaeyjum enda er Bárustígur alfarið í eign hennar.

38. BGB hf. Bliki G. Ben

Félagið rekur hefðbundna bolfisk- og rækjuvinnslu á Dalvík og Árskógssandi. Það gerir út Arnþór EA (nótaskip), Blika EA (skuttogari) og Sæþór (aflamarksskip). Félagið á mikla hlutdeild í rækju á Flæmingjagrunni, en þær veiðar eru stundaðar af Blika EA.

39. Búlandstindur hf.

Fyrirtækið rak margþætta starfsemi á Djúpavogi og um nokkurra ár skeið á Breiðdalsvík. M.a. rak fyrirtækið fiskvinnslu í báðum sveitarfélögum, fiskimjölsverksmiðju á Djúpavogi, og einnig gerði það út frystitogarann Sunnutind SU og aflamarksskipið Mánatind SU.

Í desember 1998 keypti Vísir hf. í Grindavík meirihluta í Búlandstindi hf. Síðan haf orðið verulegar breytingar á starfsemi Búlandstinds. Fiskvinnsluaðstaðan á Breiðdalsvík hefur verið seld til heimamanna þar. Bæði skipin voru seld, en eitt nýtt skip keypt í staðinn. Fiskimjölsverksmiðjan var einnig seld til nýs fyrirtækis, Gautavíkur hf., sem er í meirihlutaeigu Festis hf. í Grindavík. Framvegis mun starfsemi Búlandstinds hf. vera með sama sniði og starfsemi Vísis hf., þ.e. hefðbundin saltfiskverkun og útgerð línubáta.

40. Valdimar hf.

Félagið á sér nokkuð langa sögu, en það rekur fiskverkun í Vogum og gerir út 2 aflamarksskip og 1 skuttogara. Félagið er fjölskyldufyrirtæki, í eigu þeirra þriggja bræðra sem stofnuðu það.

41. Sigurður Ágústsson hf.

Félagið er stofnað 1973 og rekur fiskvinnslu fyrir bolfisk, rækju og hörpuskel í Stykkishólmi. Fyrirtækið gerir út rækjufrystitogara og eitt aflamarksskip, sem stundar hörpuskelveiðar í Breiðarfirði og á Húnaflóa.

42. Íshúsfélag Ísfirðinga hf.

Félagið á sér langa sögu og hafði starfsemi á Ísafirði og Hnífsdal. Það gerði út skuttogarann Stefni ÍS, en rak einnig fisk- og rækjuvinnslu. Félagið var að 99,3% hlut í eigu Gunnvarar hf. á Ísafirði. Samkomulag náðist á árinu 1999 á milli Hraðfrystihússins hf. og Gunnvarar hf. um samruna fyrirtækjanna og Íshúsfélags Ísfirðinga hf. Nýja félagið heitir Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.

43. Bergur-Huginn hf.

Félagið er stofnað 1984 og rekur útgerð í Vestmannaeyjum. Það gerir einn frystitogara og tvo ísfisktogara.

44. Hólmadrangur hf.

Félagið er stofnað 1978 og hefur aðsetur á Hólmavík og Drangnesi. Fyrirtækið er bæði í hefðbundinni fiskverkun og rækjuvinnslu. Félagið gerir út Hólmadrang ST (frystitogari) og Víkurnes ST (aflamarksskip).

Í árslok 1999 náðist samkomulag milli Útgerðarfélags Akureyringa hf. og Hólmadrangs hf. um að stefna að samruna fyrirtækjanna.

45. Gullberg hf.

Félagið á sér langa sögu og er staðsett á Seyðisfirði. Það gerir út skuttogarann Gullver NS.

46. Ingimundur hf.

Félagið á sér langa sögu og það hefur gert út frystitogarann Helgu RE frá Reykjavík. Sumarið 1999 var Helga RE seld til Grænlands og rækjukvóti hennar seldur til Þormóðs ramma - Sæbergs hf. og til Básafells hf. Í stað þessa skips hefur félagið í gegnum Látra hf. keypt frystitogarann Sléttanes ÍS frá Básafelli hf., ásamt um 2.000 þorskígildislestum. Félagið er fjölskyldufyrirtæki.

47. Soffanías Cecilsson hf.

Félagið rekur fisk- og hörpuskelvinnslu á Grundarfirði og gerir út tvö báta (með mikla hlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði).

48. Útgerðarfélagið Njörður ehf.

Félagið er upprunalega stofnað 1976 og er kennt við Húsavík. Í dag er þetta félag fjölskyldufyrirtæki, skrásett í Kópavogi, og á aflamarksskipið Þór Pétursson GK og skuttogarann Heiðrónu GK.

Undir lok árs 1999 seldi félagið skip sín og mestan hluta aflaheimilda til Guðmundar Runólfssonar hf.

49. Skálar hf. (Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.)

Skálar hf. er útgerðarfyrirtæki í meirihlutaeigu Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf. (HP).

HP h.f. rekur frystihús, fiskimjölsverksmiðju, kúffiskvinnslu og söltun á Þórshöfn. Félagið gerir einnig út frystitogarann Stakfell ÞH. HP var sett á fót árið 1969 af Þórshafnarhreppi og einstaklingum á Þórshöfn. Fyrstu árin leigði fyrirtækið húsnæði undir reksturinn en árið 1973 hófst það handa við byggingu eigin frystihúss. Félagið keypti árið 1973 síldarverksmiðju sem reist hafði verið á Þórshöfn á sjöunda áratuginum.

Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga sameinaðist HP árið 1990. Við sameininguna eignaðist félagið Stakfell ÞH og hefur rekið það síðan. Félagið stofnaði í júlí 1993 ásamt öðrum útgerðarfélagið Skála ehf. (eignarhlutur 62% í ársbyrjun 1999) sem gerir út Júpíter og Neptúnus. Markmiðið með þessum kaupum var að styrkja hræfnisöflun félagsins á uppsjávarfiskum. Félagið hefur beitt sér við veiðar utan lögsögu Íslands. Stakfell var með fyrstu skipum til að hefja þorskveiðar í Barentshafi árið 1993 og síðar rækjuveiðar við Svalbarða. Júpíter var einnig í farabroddi við að hefja veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Hraðfrystistöð Þórshafnar hf. hóf árið 1996 veiðar og vinnslu á kúskel í samvinnu við bandaríska aðila. Mikil kúskel er í Þistilfirði og nágrenni. Félagið á 75% eignarhlut í Sandgili ehf. sem á 100% eignarhlut í Íslenskum kúffiski ehf. HP á einnig 60% í Þistli ehf.

Aflahlutdeildir og eignarhald útgerða

Hluthöfum hefur fjölgað mikið í Hraðfrystistöð Þórshafnar hf. á síðari árum, en fyrirtækið var skráð á hlutabréfamarkað árið 1996.

50. Ísleifur hf.

Félagið er stofnað árið 1991 og gerir út nótaskipið Ísleif VE frá Vestmannaeyjum.

Þróun aflaheimilda nokkurra fyrirtækja eftir fisktegundum 1991-1999

Hér á eftir, gefur að líta upplýsingar um aflahlutdeildir og aflamark nokkurra útgerðaraðila á tímabilinu 1. september 1991 til 1. september 1999. Valin voru til skoðunar 20 útgerðarfyrirtæki af þeim 50 stærstu miðað við aflaheimildir þann 1. september 1997. Þessi 20 fyrirtæki voru valin af handahófi úr hópi þeirra stærstu.¹

Í umfjöllun um hvert fyrirtæki er tafla og sýnir hún þróun í aflahlutdeildum. Þess ber að geta að við mat á aflaheimildum hvers fyrirtækis var miðað við þau skip sem skráð voru í eigu viðkomandi fyrirtækis samkvæmt skrá Fiskistofu. Aflaheimildir eru ávallt skráðar á skip en ekki eigendur þeirra og við sölu á skipum fylgja aflaheimildir með, nema annað sé tekið fram í kaupsamningi. Eigendaskipti skipa geta haft veruleg áhrif á þær upplýsingar sem hér fara á eftir. Upplýsingar um eigendaskipti skipa berast oft ekki í gagnagrunn Fiskistofu fyrr en einhverjum mánuðum eftir eignaskiptin. Af þeim sökum er sú hættu fyrir hendi að einhver skip hafi verið í eigu annara aðila en miðað er við á hverjum tíma.

Eins og mörgum er kunnugt um eru eignatengsl milli sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi algeng. Fyrirtæki hafa bæði stofnað dótturfélög og eins sameinast öðrum fyrirtækjum. Eignatengslin geta flækt umfjöllun um hvert fyrirtæki og er í umfjölluninni hér á eftir ekki gert ráð fyrir eignatengslum milli fyrirtækja, nema annað sé tekið fram.

Einungis voru skoðaðar aflaheimildir í þeim fisktegundum sem hafa verið kvótabundnar síðan 1991. Þá er nauðsynlegt að taka það fram að þó að aflahlutdeildir séu fastar tölur sem breytast ekki milli ára, þá hafa tvisvar orðið breytingar á þeim. Í byrjun fiskveiðiársins 1993/1994 voru aflahlutdeildir allra skipa hækkaðar með uppreiknistuðli til að samanlagðar aflahlutdeildir þeirra yrðu 100%. Þegar svonefnd línutvöföldun var afnumin við upphaf fiskveiðiársins 1996/1997 voru aflahlutdeildir allra skipa í þorski og ýsu lækkaðar.

Samherji hf.

Samherji hf hefur á tímabilinu 1991-1999 aukið aflahlutdeildir sínar verulega í öllum tegundum og þar að auki bætt við sig umtalsverðu af aflahlutdeildum í síld og loðnu, sem það hafði ekki áður aflahlutdeildir í.

Tegund										Breyting 91/92-99/00		Aflamark 99/00
	91/92	92/93	93/94	94/95	95/96	96/97	97/98	98/99	99/00	Aflahlutdeild	Breyting í %	
Þorskur	2,26	3,17	3,26	3,33	3,33	3,45	5,16	5,77	6,16	3,90	173%	10.821
Ýsa	2,22	2,07	2,26	2,26	2,07	2,54	3,70	4,10	4,23	2,01	91%	1.139
Ufsi	2,32	1,96	2,22	2,24	2,25	3,00	3,10	3,67	3,77	1,45	63%	873
Karfi	5,52	5,53	5,54	5,54	5,40	6,39	7,34	7,92	7,93	2,41	44%	4.757
Grálúða	6,26	6,31	6,31	6,31	6,31	7,16	9,15	9,79	9,80	3,54	57%	902
Skarkoli	0,99	0,98	0,99	0,99	0,99	1,21	1,60	1,61	1,45	0,46	46%	40
Úthafsækja	6,42	8,75	9,33	8,71	7,50	8,60	9,47	6,93	8,31	1,89	29%	1.661
Síld	1,11	0,00	0,00	0,00	0,00	3,31	8,87	11,19	11,09	9,98	899%	11.089
Loðna	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	3,60	9,80	10,55	10,69	10,69	-	61.586
											þorskígildi	23.420

*Meðtaldar (frá 1997) eru aflahlutdeildir sem skráðar voru á skip í eigu Fiskimjòls og Lýsis hf og Friðþjófs hf.

Aukning á aflahlutdeildum Samherja skýrist af stærstum hluta vegna sameiningar við önnur fyrirtæki og millifærslum frá skipum í eigu annara aðila. Fyrirtækið hefur flutt til sín aflahlutdeildir í öllum helstu tegundum. Segja má að fram til ársins 1997 hafi Samherji hf stækkað með kaupum á aflahlutdeildum, skipum og fyrirtækjum. Frá 1997 hefur fyrirtækið aðallega vaxið með sameiningu við önnur félög. Árið 1991 voru 9 skip í eigu félagsins, þar af 6 togarar. Af hinum voru 2 smábátar. Árið 1999 eru enn 9 skip í eigu Samherja, þar af 7 togarar.

Þormóður-rammi / Sæberg hf

Aflahlutdeildir Þormóðs-ramma - Sæbergs hf hafa aukist verulega á tímabilinu 1991-1999 eins og tafla 11 sýnir. Frá árinu 1997 hefur félagið aukið aflahlutdeildir verulega með sameiningu við önnur fyrirtæki. Fyrirtækið hefur nýtt sér framsalsheimildina til að flytja frá sér þá 2,86% aflahlutdeild í loðnu sem það hafði í byrjun fiskveiðiársins 1991/92. Á móti hafa aflahlutdeildir í úthafsækju verið fluttar til skipa fyrirtækisins.

¹ Umfjöllunin hér á eftir byggir að nokkru á lokaritgerð Guðmundar Kristmundssonar, Flutningar aflaheimilda 1991-1997, sem hann gerði við Háskólann á Akureyri.

Aflahlutdeildir og eignarhald útgerða

Skipum í eigu félagsins hefur fjölgað á milli árunna 1991 og 1999. Í upphafi tímabilsins átti félagið 4 skip, þar af 3 skuttogara. Árið 1999 eru 10 skip í eigu félagsins, þar af 8 skuttogarar og 1 smábátur.

Tafla 11. Þróun á aflahlutdeildum Þormóðs ramma - Sæbergs hf, 1991-1999										Breyting 91/92-99/00		
Tegund	91/92	92/93	93/94	94/95	95/96	96/97	97/98	98/99	99/00	Aflahlutdeild	Breyting í %	Aflamark 99/00
Þorskur	1,33	1,36	1,36	1,39	1,42	1,34	3,02	3,74	3,73	2,40	181%	6.560
Ýsa	0,88	0,85	0,85	0,86	0,86	0,84	2,50	3,26	3,26	2,38	270%	877
Ufsi	1,23	1,22	1,22	1,23	1,23	1,23	2,57	2,72	2,72	1,49	122%	631
Karfi	2,17	1,59	1,59	1,59	1,52	1,52	4,22	4,59	4,59	2,42	111%	2.756
Grálúða	1,98	1,97	1,65	1,97	1,97	1,97	4,57	6,65	6,65	4,67	236%	612
Skarkoli	0,15	0,15	0,15	0,15	0,76	0,76	2,85	4,85	4,85	4,70	3177%	134
Úthafsækja	1,30	1,30	3,13	3,85	4,22	4,22	7,96	8,49	12,51	11,21	862%	2.503
Loðna	2,86	0,00	0,15	0,15	0,07	0,00	0,00	0,00	0,00	-2,86	-100%	0
											Þorskigildi	13.553

Haraldur Böðvarsson hf

Á milli fiskveiðiaranna 1991/92 og 1999/2000 hefur Haraldur Böðvarsson hf. aukið aflahlutdeildir sínar í öllum tegundum nema úthafsækju. Aukning á aflahlutdeildum Haraldar Böðvarssonar skýrist að mestu leyti vegna sameiningar við önnur fyrirtæki. Fyrirtækið gekk í gegnum sameiningar þrisvar á tímabilinu, árin 1991, 1996 og 1997. Árið 1991 voru í eigu félagsins 5 togarar og 2 loðnuskip. Árið 1999 á félagið 4 togarar, 3 loðnuskip og 1 annað aflamarksskip.

Tafla 12. Þróun á aflahlutdeildum Haraldar Böðvarssonar hf, 1991-1999										Breyting 91/92-99/00		
Tegund	91/92	92/93	93/94	94/95	95/96	96/97	97/98	98/99	99/00	Aflahlutdeild	Breyting í %	Aflamark 99/00
Þorskur	1,23	1,44	1,44	1,47	1,47	1,89	2,75	2,75	2,74	1,51	123%	4.816
Ýsa	1,08	1,51	1,51	1,52	1,52	2,15	3,78	3,78	3,78	2,70	251%	1.018
Ufsi	2,06	2,55	2,56	2,58	2,58	3,43	4,80	4,80	4,80	2,74	133%	1.113
Karfi	4,97	5,68	5,68	5,68	5,68	7,76	11,68	11,68	11,68	6,72	135%	7.005
Grálúða	3,00	3,06	3,06	3,06	3,06	3,94	5,20	5,20	5,20	2,20	73%	478
Skarkoli	0,37	0,84	0,60	0,60	0,60	0,70	1,60	1,60	1,60	1,23	335%	44
Úthafsækja	2,42	2,42	1,18	1,18	1,18	1,45	2,20	2,17	2,20	-0,22	-9%	440
Síld	1,11	1,11	1,11	1,11	1,11	2,22	4,44	4,44	4,44	3,33	300%	4.436
Loðna	8,50	8,50	8,50	8,50	8,50	7,89	10,68	10,68	10,68	2,19	26%	61.516
											Þorskigildi	15.997

Útgerðarfélag Akureyringa hf

Á tímabilinu 1991 til 1999 hefur Útgerðarfélag Akureyringa hf bætt við sig aflahlutdeildum í öllum þeim tegundum sem það hafði aflahlutdeildir í árið 1991, með millifærslum frá öðrum fyrirtækjum og kaupum á skipum. Jafnframt hafa aflahlutdeildir í úthafsækju verið fluttar til félagsins. Árið 1991 voru 7 skuttogarar í eigu félagsins, en árið 1999 eru þeir 4.

Tafla 13. Þróun á aflahlutdeildum Útgerðarfélags Akureyringa hf, 1991-1999										Breyting 91/92-99/00		
Tegund	91/92	92/93	93/94	94/95	95/96	96/97	97/98	98/99	99/00	Aflahlutdeild	Breyting í %	Aflamark 99/00
Þorskur	3,30	3,58	3,82	3,93	4,25	4,03	4,04	5,08	4,90	1,60	48%	8.616
Ýsa	2,88	3,53	3,67	3,76	4,02	3,93	3,94	4,60	3,98	1,11	38%	1.072
Ufsi	2,57	3,44	3,56	3,59	3,07	3,91	4,05	4,59	4,40	1,83	71%	1.020
Karfi	7,02	7,94	7,96	7,98	7,98	7,98	8,04	8,05	8,05	1,03	15%	4.829
Grálúða	10,35	10,85	10,85	10,85	10,87	10,87	10,87	10,94	10,94	0,59	6%	1.006
Skarkoli	0,71	0,75	2,12	1,41	1,33	1,05	1,06	1,99	1,51	0,80	114%	42
Úthafsækja	0,00	0,00	0,65	0,84	0,90	0,90	0,90	0,96	0,98	0,98	-	195
Síld	0,00	0,00	1,11	1,02	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	-	0
											Þorskigildi	15.532

Grandi hf

Á fiskveiðiárunum 1991/92 og fram til upphafs fiskveiðiársins 1999/2000 hefur Grandi hf, flutt til sín aflahlutdeildir frá skipum í eigu annarra aðila í öllum botnfisktegundum.

Tegund										Breyting 91/92-99/00		Aflamark 99/00
	91/92	92/93	93/94	94/95	95/96	96/97	97/98	98/99	99/00	Aflahlutdeild	Breyting í %	
Porskur	2,08	2,26	2,27	2,32	2,32	2,20	2,20	2,15	2,17	0,09	4%	3.816
Ýsa	1,89	2,03	2,04	2,21	2,53	2,48	2,48	2,57	3,06	1,18	62%	823
Ufsi	8,10	8,34	8,35	8,41	9,12	9,12	7,68	8,39	8,99	0,89	11%	2.084
Karfi	15,59	15,61	15,63	16,77	16,97	16,97	16,97	17,02	17,19	1,60	10%	10.314
Grálúða	3,98	3,99	4,02	4,02	4,58	4,58	4,59	4,86	4,93	0,95	24%	454
Skarkoli	0,38	0,38	0,38	0,04	0,38	0,38	0,39	0,64	0,65	0,27	71%	18
Úthafs-rækja	0,00	1,01	1,01	1,01	1,01	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	-	0
											þorskigildi	13.156

Mest hefur Grandi flutt til sín af aflahlutdeildum í karfa eða sem nemur um 1,6% af öllum aflahlutdeildum í karfa. Fyrirtækið afsalaði sér aflahlutdeildum í ufsa vegna úthlutunar á úthafs-karfa á sínum tíma. Árið 1991 átti félagið 7 skuttogara og 1 smábát, en árið 1999 eru 5 skuttogarar í eigu þess.

Vinnslustöðin hf

Aflahlutdeildir Vinnslustöðvarinnar hf hafa frá fiskveiðiárinu 1991/92 til fiskveiðiársins 1999/2000 aukist verulega í flestum tegundum nema úthafs-rækju. Aukning á aflahlutdeildum félagsins skýrist að mestu leyti vegna millifærslna frá öðrum aðilum og sameiningar við Meitilinn hf. Til skipa í eigu Vinnslustöðvarinnar hafa verið færð sem nemur 3,33% af heildaraflahlutdeildum í síld en félagið hefur í staðinn látið frá sér aflahlutdeildir í úthafs-rækju. Þá hefur fyrirtækið einnig aukið hlutdeild sína í karfa, en minnkað hlutdeild sína í ufsa.

Tegund										Breyting 91/92-99/00		Aflamark 99/00
	91/92	92/93	93/94	94/95	95/96	96/97	97/98	98/99	99/00	Aflahlutdeild	Breyting í %	
Porskur	1,68	1,66	1,90	1,76	1,44	1,68	2,89	1,97	2,32	0,65	39%	4.075
Ýsa	3,38	3,38	3,11	3,11	2,22	2,89	5,45	3,85	3,72	0,34	10%	1.001
Ufsi	5,42	5,43	5,80	5,56	5,04	4,80	7,18	4,53	4,80	-0,62	-12%	1.112
Karfi	3,21	3,21	2,88	2,72	2,81	2,61	3,64	3,66	5,15	1,94	61%	3.087
Grálúða	1,07	1,07	1,01	0,62	0,84	0,21	0,85	0,72	1,91	0,85	79%	176
Skarkoli	1,05	1,05	2,58	2,08	1,49	0,74	2,64	1,83	1,36	0,31	30%	37
Úthafs-rækja	1,34	1,34	1,13	0,48	0,54	0,00	0,61	0,00	0,00	-1,34	-100%	0
Síld	2,22	2,22	5,55	4,44	4,44	2,22	5,55	5,55	5,55	3,33	150%	5.545
Loðna	3,94	0,00	4,15	4,15	4,15	3,23	4,15	4,08	5,05	1,11	28%	29.071
Humar	3,81	3,81	3,24	3,24	3,24	3,24	10,01	6,97	6,98	3,17	83%	26
											þorskigildi	10.625

*Meðtaldar eru aflahlutdeildir sem skráðar eru á skip í eigu Bárustígs ehf

Árið 1991 voru alls 15 skip skráð í eigu Vinnslustöðvarinnar hf. Af þeim voru 4 togarar og 3 smábátar. Árið 1999 eru 6 skip í eigu félagsins og þar af 1 togari (verið að selja 1 bát).

Síldarvinnslan hf

Aflahlutdeildir Síldarvinnslunar hf hafa á tímabilinu 1991 til 1998 aukist verulega í úthafs-rækju, síld og loðnu. Í staðinn hefur félagið flutt frá sér nokkuð af aflahlutdeildum í botnfisktegundum.

Aukning á aflahlutdeildum Síldarvinnslunar skýrist eingöngu af flutningi aflahlutdeilda frá skipum í eigu annarra aðila. Fjöldi skipa í rekstri er óbreyttur hjá fyrirtækinu. Árið 1991 voru 3 togarar, 2 loðnuskip og 4 smábátar í eigu Síldarvinnslunar. Árið 1999 er sami fjöldi togara og loðnuskipa, en smábátarnir eru farnir.

Tafla 16. Þróun á aflahlutdeildum Sildarvinnslunnar hf, 1991-1999												
Tegund	91/92	92/93	93/94	94/95	95/96	96/97	97/98	98/99	99/00	Breyting 91/92-99/00		Aflamark 99/00
										Aflahlutdeild	Breyting í %	
Þorskur	1,80	1,83	1,56	2,05	2,05	1,82	1,60	1,63	1,73	-0,07	-4%	3.035
Ýsa	1,84	1,85	1,58	1,94	1,94	1,90	1,82	1,88	1,88	0,04	2%	507
Ufsi	2,70	2,71	2,29	2,65	2,41	2,41	2,42	2,49	2,49	-0,21	-8%	578
Karfi	0,95	0,95	0,84	0,95	1,08	1,08	1,03	1,03	1,03	0,08	9%	620
Grálúða	1,61	1,61	1,39	1,99	2,37	2,37	2,27	2,29	2,29	0,69	43%	211
Skarkoli	0,38	0,22	0,21	0,22	0,22	0,22	0,25	0,26	0,26	-0,12	-31%	7
Úthafsækja	1,29	1,29	1,58	3,08	3,08	3,08	2,89	3,59	2,53	1,25	97%	505
Sild	0,00	0,00	1,11	1,11	1,11	2,22	3,33	4,44	7,76	7,76	-	7.761
Loðna	4,93	4,93	6,11	8,17	7,50	7,49	7,50	7,35	9,33	4,40	89%	53.725
											þorskigildi	8.938

Fiskiðjan Skagfirðingur hf

Aflahlutdeildir Fiskiðjunnar Skagfirðings hafa aukist um leið og skipum í eigu fyrirtækisins hefur fjölgað. Aukning á aflahlutdeildum má rekja til sameiningar við önnur fyrirtæki og til kaupa á skipum. Fremur lítið af aflahlutdeildum hefur verið fært til skipa í eigu fyrirtækisins með millifærslum frá öðrum fyrirtækjum. Fyrirtækið átti 3 skuttogara árið 1991, en árið 1999 eru þeir 5.

Tafla 17. Þróun á aflahlutdeildum Fiskiðjunnar Skagfirðings hf, 1991-1999												
Tegund	91/92	92/93	93/94	94/95	95/96	96/97	97/98	98/99	99/00	Breyting 91/92-99/00		Aflamark 99/00
										Aflahlutdeild	Breyting í %	
Þorskur	1,31	1,31	1,65	1,98	1,98	2,69	2,66	2,65	2,65	1,35	103%	4.649
Ýsa	0,83	0,84	1,04	1,40	1,42	2,57	2,57	2,57	2,57	1,74	210%	692
Ufsi	0,87	0,88	1,30	1,67	1,82	3,29	2,67	2,67	2,67	1,80	205%	620
Karfi	2,98	2,98	2,99	4,25	4,65	6,07	6,07	6,07	6,07	3,09	104%	3.640
Grálúða	2,37	2,37	2,37	3,62	4,46	5,59	5,60	5,59	5,59	3,22	136%	515
Skarkoli	0,25	0,27	0,34	0,40	0,53	1,04	1,06	1,06	1,06	0,81	329%	29
Úthafsækja	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,58	0,59	0,59	-	118
											þorskigildi	9.290

Ljósavík hf

Ljósavík var skráður eigandi að einum togara í upphafi fiskveiðiárisins 1991/92 og samantóðu aflaheimildir fyrirtækisins þá mest megnis af úthafsækju. Á milli fiskveiðiáranna 1991/92 og 1999/2000 hafa aflahlutdeildir félagsins aukist lítillega í botnfisktegundum, en meira en tvöfaldast í úthafsækju. Skip félagsins komust mest í 3, en eru 2 um fiskveiðiáramótin 1999/2000.

Tafla 18. Þróun á aflahlutdeildum Ljósavíkur hf, 1991-1999												
Tegund	91/92	92/93	93/94	94/95	95/96	96/97	97/98	98/99	99/00	Breyting 91/92-99/00		Aflamark 99/00
										Aflahlutdeild	Breyting í %	
Þorskur	0,06	0,06	0,06	0,11	0,09	0,06	0,13	0,13	0,06	0,00	0%	108
Ýsa	0,01	0,06	0,11	0,11	0,08	0,06	0,11	0,11	0,11	0,10	1733%	31
Ufsi	0,00	0,00	0,00	0,05	0,01	0,00	0,13	0,13	0,13	0,13	-	30
Karfi	0,12	0,12	0,12	0,12	0,12	0,12	0,12	0,12	0,12	0,00	4%	74
Grálúða	0,07	0,07	0,07	0,08	0,07	0,07	0,16	0,16	0,16	0,09	125%	14
Skarkoli	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,03	0,03	0,03	0,01	50%	1
Úthafsækja	2,52	2,52	2,52	4,72	2,52	2,52	4,93	5,86	5,93	3,42	136%	1.186
Sild	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	1,11	0,00	0,00	-	0
Loðna	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	1,90	2,10	0,00	0,00	-	0
											þorskigildi	1.485

Aflahlutdeildir og eignarhald útgerða

Snæfell hf

Aflahlutdeildir Snæfells hf (áður Útgerðarfélag Dalvíkinga hf) hafa aukist mikið á árunum 1991-1999. Mest er aukningin í úthafsækju en félagið hafi engar aflahlutdeildir til umráða í úthafsækju á fiskveiðarárinu 1991/92.

Tafla 19. Þróun á aflahlutdeildum Snæfells hf, 1991-1999												
Tegund	91/92	92/93	93/94	94/95	95/96	96/97	97/98	98/99	99/00	Breyting 91/92-99/00		
										Aflahlutdeild	Breyting í %	Aflamark 99/00
Þorskur	1,43	1,44	1,44	1,47	2,09	1,98	1,98	2,88	2,87	1,44	100%	5.049
Ýsa	0,84	0,87	0,87	0,87	1,49	1,46	1,46	2,88	2,88	2,05	245%	776
Ufsi	0,61	0,61	0,61	0,62	1,03	1,03	1,15	2,55	2,55	1,94	318%	590
Karfi	0,99	0,99	0,99	0,99	1,06	1,06	1,06	1,88	1,88	0,89	91%	1.125
Grálúða	2,75	2,75	2,75	2,75	3,00	3,00	3,01	4,20	4,20	1,46	53%	386
Skarkoli	0,77	0,77	0,77	0,77	1,13	1,13	1,14	1,30	1,30	0,53	69%	36
Úthafsækja	0,00	0,00	0,53	0,53	1,21	1,21	1,21	0,00	2,27	2,27	-	453
Síld	0,00	0,00	0,00	0,00	1,11	1,11	1,11	0,00	0,00	0,00	-	0
											þorskigildi	8.251

Á tímabilinu 1991-1999 hefur Snæfell flutt til sín aflahlutdeildir í öllum þeim tegundum sem fyrirtækið hafði hlutdeildir í árið 1991, bæði frá skipum í eigu annarra aðila og með sameiningu við önnur félög. Félagið átti 2 togara og 1 smábát árið 1991, en á 3 skuttogara árið 1999.

Jökull hf

Á síðastliðnum 8 fiskveiðarárum hefur Jökull hf bætt við sig verulegum aflahlutdeildum í rækju. Jökull hafði í upphafi fiskveiðarársins 1991/92 engar aflahlutdeildir í úthafsækju en á sl. 5 fiskveiðarárum hefur fyrirtækið flutt til sín um 3,5% af heildaraflahlutdeildum í úthafsækju. Jafnframt voru aflahlutdeildir Jökuls hf í innfjarðarrækju mun meiri árið 1999 en árið 1991. Hlutdeildin í innfjarðarrækju hefur þó minnkað aftur s.l. ár og mun minnka enn frekar, enda sala þegar hafin á minni bátum félagsins.

Tafla 20. Þróun á aflahlutdeildum Jökuls hf, 1991-1999												
Tegund	91/92	92/93	93/94	94/95	95/96	96/97	97/98	98/99	99/00	Breyting 91/92-99/00		
										Aflahlutdeild	Breyting í %	Aflamark 99/00
Þorskur	0,76	0,77	0,71	0,73	0,76	1,11	1,10	1,11	0,18	-0,58	-76%	321
Ýsa	0,49	0,49	0,45	0,45	0,47	0,93	0,62	0,62	0,15	-0,34	-69%	41
Ufsi	0,36	0,37	0,37	0,37	0,35	0,60	0,50	0,53	0,04	-0,32	-89%	10
Karfi	0,20	0,21	0,21	0,21	0,25	0,03	0,05	0,00	0,00	-0,20	-100%	3
Grálúða	0,76	0,76	0,76	0,76	0,76	0,78	0,79	0,00	0,01	-0,75	-99%	1
Skarkoli	0,23	0,12	0,09	0,09	0,09	0,02	0,10	0,00	0,28	0,05	21%	8
Úthafsækja	0,00	0,00	0,00	0,00	0,46	0,77	1,60	3,67	3,50	3,50	-	700
Loðna	0,00	0,00	0,00	3,80	0,00	0,00	0,00	0,15	0,00	0,00	-	0
Innfjarækja	1,22	2,47	2,80	0,00	3,00	5,76	4,47	18,7	17,17	15,95	1307%	567
											þorskigildi	1.747

*Meðtaldar eru aflahlutdeildir sá Aron ÞH en hann er enn skráður í eigu Knarraeyris ehf

Hraðfrystihús Eskifjarðar hf

Aflahlutdeildir Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf hafa aukist mikið á milli fiskveiðaráranna 1991/92 og 1999/2000. Hraðfrystihús Eskifjarðar hefur sameinast 2 tendum félögum á tímabilinu. Árið 1991 átti félagið 2 loðnuskip og 1 skuttogara, en árið 1999 á það 3 togara og 2 loðnuskip.

Tafla 21. Þróun á aflahlutdeildum Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf, 1991-1999												
Tegund	91/92	92/93	93/94	94/95	95/96	96/97	97/98	98/99	99/00	Breyting 91/92-99/00		
										Aflahlutdeild	Breyting í %	Aflamark 99/00
Þorskur	0,53	0,53	0,53	0,56	0,56	0,53	1,06	0,79	0,79	0,26	49%	1.383
Ýsa	0,52	0,52	0,52	0,52	0,52	0,63	1,13	0,88	0,88	0,36	69%	237
Ufsi	0,56	0,56	0,56	0,57	0,57	0,57	1,38	1,07	1,07	0,51	91%	248
Karfi	0,55	0,55	0,55	0,55	0,55	0,55	1,06	0,81	0,81	0,26	47%	483
Grálúða	0,78	0,78	0,78	0,97	0,97	0,97	1,4	1,19	1,19	0,41	53%	109
Skarkoli	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,05	0,04	0,04	0,03	300%	1
Úthafsækja	1,71	1,71	1,71	2,32	2,32	2,59	2,59	2,45	2,00	0,29	17%	401
